




# Skólanámskrá Sandgerðisskóla 2025 - 2027



Vöxtur – Virðing – Vilji – Vinátta



**UNESCO** 

  
**HEILSUEFLANDI**  
grunnskóli

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>1. Skólanámskrá</b> .....	<b>7</b>
<b>2. Hlutverk og markmið</b> .....	<b>7</b>
2.1 Leiðarljós Sandgerðisskóla.....	7
2.2 Þjónusta .....	7
2.3 Innra starf .....	8
2.4 Fjármál .....	9
2.5 Mannauður .....	9
2.6 Samfélag .....	9
<b>3. Nefndir, ráð og teymi</b> .....	<b>10</b>
3.1 Skólaráð .....	10
3.2 Fræðsluráð .....	10
3.3 Foreldrafélag .....	11
3.4 Nemendaráð.....	11
3.5 Nemendaverndarráð .....	11
3.6 Teymi sérfræðinga innan skólans.....	12
3.7 Eineltisteymi - samskiptateymi .....	12
3.8 Jafnréttis- og forvarnarteymi.....	13
3.9 Teymi til stuðnings framfarapróunar í skólastarfi .....	13
<b>4. Skólastarfið</b> .....	<b>14</b>
4.1 Skólaárið .....	14
4.2 Skóladagurinn .....	14
4.3 Frímínútur.....	14
4.4 Á leið í og úr skóla.....	15
4.5 Móttaka nýrra nemenda .....	15
4.6 Foreldrafundir .....	15

4.6.1 Hópfundir .....	15
4.6.2 Viðtöl .....	16
4.7 Stoðþjónusta .....	16
4.7.1 Sértek kennsla og sérfræðiþjónusta.....	16
4.7.2 Stuðningur inni í bekk.....	16
4.8 Garðarnir – Riddaragarður, Mikligarður, Ásgarður og Þjóðgarður .....	17
4.8.1 Riddaragarður .....	17
4.8.2 Ásgarður .....	17
4.8.3 Mikligarður.....	18
4.8.4 Þjóðgarður.....	19
4.8 Greiningar, tilvísanir og mat á stuðningspörfum .....	19
4.8.1 Samstarf heimilis og skóla .....	20
4.9 Einstaklingsnámskrá .....	20
4.10 Kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og nemendaráðgjöf .....	20
4.11 Heimanám .....	20
4.12 Fastir liðir og viðburðir í skólastarfinu .....	21
4.12.1 Skólasetning.....	21
4.12.2 Skólagleði og bæjarhátíðin „Vitadagar“ .....	21
4.12.3 Læsisverkefni .....	21
4.12.4 Dagur náttúrunnar .....	21
4.12.5 Heilsueflandi dagar .....	21
4.12.6 Alþjóðadagur friðar, dagur mannréttinda barna og dagur gegn einelti ....	22
4.12.7 Dagur íslenskrar tungu .....	22
4.12.8 Stóra og litla upplestrarkeppnin.....	22
4.12.9 Jólahéðir, Jólasamvera og jólaskemmtun .....	23
4.12.10 Öskudagur.....	23
4.12.11 112 dagurinn .....	23

4.12.12	Dagur stærðfræðinnar .....	23
4.12.13	Þemadagar.....	23
4.12.14	Starfgreinakynning 8. og 10. bekkjar .....	24
4.12.15	Árshátíð.....	24
4.12.16	Skelin – Barnamenningarhátíð Suðurnesjabæjar.....	24
4.12.17	Vorferðir og aðrar námsferðir .....	24
4.12.18	Skólarokk .....	25
4.12.18	Sumargleði.....	25
4.12.19	Skólaslit.....	25
4.13	Skólasel.....	25
4.14	Skýið eftirkólaúrræði.....	26
4.15	Brúum bilið – samstarf við Leikskólann Grænuborg .....	27
4.16	Tónlistarnám.....	28
4.16.1	Samstarf við tónlistarskóla .....	28
4.16.2	Kórstarf .....	28
4.16.3	Val í 8., 9. og 10. bekk .....	28
4.17	Samstarf við FS og FÁ .....	28
4.17.1	Gagnkvæmar heimsóknir og kynning .....	28
4.17.2	FS - val.....	28
4.18	Námsmat og vitnisburður.....	29
4.18.1	Hæfnikort í mentor og bókstafseinkunnir.....	29
4.18	Samræmt stöðu- og framvindumat.....	30
4.19	Félagslíf nemenda.....	30
<b>5.</b>	<b>Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga.....</b>	<b>31</b>
5.1	Hvað er uppeldi til ábyrgðar?.....	31
5.2	Grunnþarfir .....	32
5.3	Skjöldur – gegn einelti og andfélagslegri hegðun .....	32

<b>6. Skólareglur og ástundun .....</b>	<b>33</b>
6.1 Skólareglur .....	33
6.1.1 Skólareglur og þolmörk Sandgerðisskóla .....	34
6.2 Verkferlar og agastjórnun .....	35
6.2.1 Inngrip í kennslustofu .....	35
6.2.2 Samtal byggt á uppbyggjinarstefnunni við heimili .....	36
6.2.3 Fundur með foreldrum/forráðamönnum með nemenda .....	36
6.3 Símar og önnur tæki .....	37
6.4 Skólasókn .....	38
6.4.1 Veikindi .....	38
6.4.2 Leyfi .....	38
6.4.3 Ábyrg skólasókn og skólaforðunarteymi .....	38
<b>7. Heimili og skóli .....</b>	<b>39</b>
7.1 Boðskipti heimila og skóla .....	40
7.2 Mentor .....	40
<b>8. Hressing og hádegismatur .....</b>	<b>40</b>
8.1 Skólamatur .....	41
8.2 Hressing og drykkjarsala .....	41
8.3 Hádegishressing / hádegismatur .....	41
<b>9. Heilsueflandi grunnskóli og forvarnir .....</b>	<b>42</b>
<b>10. UNESCO skóli .....</b>	<b>42</b>
<b>11. Skólahjúkrun og heilbrigði .....</b>	<b>43</b>
11.1 Viðvera skólahjúkrunarfræðings .....	43
11.2 Bólusetningar og eftirlit .....	44
11.3 Lyfjagjafir .....	44
11.4 Slys og veikindi .....	44
11.6 Tilkynningar um heilsufar nemenda .....	45
<b>11. Skólabókasafn .....</b>	<b>45</b>
<b>12. Þróunarverkefni og áherslur í skólastarfinu (Alveg nýtt-Fríða) .....</b>	<b>45</b>

12.1 Læsisstefna .....	46
12.2. Leiðsagnarnám.....	46
12.3 Kvan- Verkfærakistan .....	47
12.4 Sjálfsmat.....	47
12.5 Símenntun starfsfólks .....	48
<b>13. Stoðkerfi .....</b>	<b>48</b>
13.1 Skólabjónusta Suðurnesjabæjar.....	48
13.2 Skólasálfræðingur .....	48
13.3 Talmeinafræðingur .....	48
13.4 Kennsluráðgjöf .....	48
13.5 Náms- og starfsráðgjöf .....	49
<b>14. Skóladagatal 2026 – 2027 .....</b>	<b>49</b>
<b>15. Stjórnendur .....</b>	<b>49</b>
<b>16. Starfsfólk .....</b>	<b>50</b>
<b>17. Trúnaðarmenn .....</b>	<b>50</b>
18.1 Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður .....	50
18.2 Trúnaðarmaður starfsmanna í K.Í.....	50
18.3 Trúnaðarmaður starfsmanna í S.T.F.S.....	50
<b>19. Opnunartími á skrifstofu .....</b>	<b>50</b>

## Inngangur

Sandgerðisskóli var stofnaður árið 1884, en hefur verið starfræktur á þeim stað sem hann er í dag frá árinu 1938. Við Sandgerðisskóla stunda um 305 nemendur nám og eru um 70 starfsmenn við skólann. Sandgerðisskóli er heilsueflandi skóli og fylgir uppbyggingastefnunni – *Uppeldi til ábyrgðar*.

Sandgerðisskóli er staðsettur við Skólastræti 2 í Suðurnesjabæ og deilir húsnæði sínu með Tónlistaskóla Sandgerðis, Bæjarbókasafni Suðurnesjabæjar og Íþróttamiðstöðinni í Sandgerði en þar er bæði íþróttahús og sundlaug. Skólasel og Eftirskólaúrræðið Skýið eru starfrækt í Sólborg húsnæði við Sólheima. Netfang Sandgerðisskóla er [grunnskoli@sandgerdisskoli.is](mailto:grunnskoli@sandgerdisskoli.is) og símanúmer skrifstofu er 425-3100. Skrifstofa skólans er opin frá 7:45 – 15:30 mánudaga til fimmtudaga, frá kl. 07:45 – 14:00 á föstudögum. Heimasíða skólans er [www.sandgerdisskoli.is](http://www.sandgerdisskoli.is) og er þar að finna upplýsingar um skólann og skólastarfið, námsskrá bekkja ásamt fréttum frá skólastarfinu.

Skólanámsskrá þessi er endurskoðuð í byrjun haustannar hvert skólaár.

Virðingarfyllst

Bylgja Baldursdóttir

skólastjóri.

## 1. Skólanámskrá

Í lögum um grunnskóla segir að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og er skólastjóri ábyrgur fyrir gerð hennar.

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum.

Skólanámskrá er endurskoðuð að hausti ár hvert. Nýjustu útgáfu skólanámskrár er að finna á heimasíðu skólans, auk starfsáætlun í almennri útgáfu.

## 2. Hlutverk og markmið

Hlutverk Sandgerðisskóla er að hafa faglega forystu og ábyrgð menntamála sex til sextán ára barna í Suðurnesjabæ. Skólanum er ætlað að stýra og fylgja eftir framsækinni stefnumótun í skólamálum sem er í stöðugri þróun og endurskoðun á ári hverju.

Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum en skólinn, í samstarfi við heimilin, veitir börnum og unglingum einstaklingsmiðaða menntun til að takast á við líf og starf. Hlutverk skólans er einna helst að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra.

Sandgerðisskóli vinnur samkvæmt skýrum markmiðum sem skipt hefur verið upp í fimm flokka; *þjónusta, innra starf, fjármál, mannauð og samfélag*. Leiðir til að ná markmiðunum eru skýrar og mælitæki til að meta árangur skólastarfsins sömuleiðis.

### 2.1 Leiðarljós Sandgerðisskóla

Í leik og starfi Sandgerðisskóla eru gildin vöxtur, virðing, vilji og vinátta höfð að leiðarljósi.

### 2.2 Þjónusta

*Stefna Sandgerðisskóla er:*

Að bjóða upp á vandað einstaklingsmiðað nám við hæfi hvers og eins.

- Að nemendum líði vel og þyki gaman í skólanum.
- Að virðing sé höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum starfsfólks, nemenda og foreldra.
- Að gott upplýsingaflæði sé milli skóla, heimila og samfélags.

## 2.3 Innra starf

*Stefna Sandgerðisskóla er:*

- Að unnið sé samkvæmt skólanámskrá sem uppfyllir kröfur laga og aðalnámskrár grunnskóla.
- Að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og hæfileikar hvers og eins fái notið sín í námsumhverfi sem er aðlaðandi og hvetjandi.
- Að kennsluhættir taki mið af hugmyndafræði leiðsagnarnáms þar sem markmið náms eru skýr, endurgjöf markviss og nemendur virkir þátttakendur í eigin námi.
- Að skipulag kennslu sé aðlagð að þörfum hvers nemand.
- Að gera nemendur sjálfstæða í námi.
- Að vinna eftir læsisstefnu skólans.
- Að unnið sé eftir stefnu Uppeldis til ábyrgðar – Uppbyggingu sjálfsgaga (e. Restitution), þar sem lögð er áhersla á sjálfsgaga, ábyrgð, virðingu, jákvæð samskipti og að nemendur læri að taka ábyrgð á eigin hegðun og ákvörðunum. Með því tileinki sér að vera besta útgáfan af sjálfum sér hverju sinni.
- Að stuðla að auknum félagsþroska nemenda og rækta með þeim mannúð og virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu.
- Að nýta tækifæri sem felast í stöðu Sandgerðisskóla sem UNESCO-skóla með því að flétta sjálfbærni, umhverfismennt, lýðræði, mannréttindi og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna inn í skólastarf og kennslu.
- Að skipulag ÍSAT kennslu og stoðþjónustu sé gott og aðgengilegt þeim sem að því koma.
- Að þátttaka foreldra sé öflug, víðtæk og markviss.
- Að sjálfsmat sé hluti af starfi skólans.
- Að verkferlar séu skýrir.
- Að verkaskipting stjórnenda og annarra starfsmanna sé skýr og öllum ljós.
- Að búnaður og aðstaða sé eins og best er á kosið.
- Að halda áfram því góða samstarfi við Leikskólann Grænuborg þar sem unnið hefur verið með verkefnið „Brúum bilið“.
- Að viðhalda og efla enn frekar samstarf við FS og aðra framhaldsskóla.

- Að agamál séu í góðum farvegi þar sem virðing og umhyggja fyrir einstaklingnum og þörfum hans sé í forgrunni.

## 2.4 Fjármál

*Stefna Sandgerðisskóla er:*

- Að skólinn hafi á hverjum tíma úr nægu fjármagni að spila til að sinna hlutverki sínu af þeim krafti sem hann ætlar sér.
- Að rekstur sé sem hagkvæmastur og í samræmi við fjárhagsáætlun.

## 2.5 Mannauður

*Stefna Sandgerðisskóla er:*

- Að hafa ætíð vel menntað og hæft starfsfólk að störfum.
- Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð í skólastarfinu.
- Að móta sér eigin endurmenntunaráætlun út frá stefnu skólans og þörfum.
- Að allir starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun við hæfi.
- Að allir kennarar móti sér áætlun um endurmenntun í samræmi við stefnu skólans.
- Að starfsmenn taki þátt í mótun skólastarfsins og stefnu skólans.
- Að móta gott og hvetjandi starfsumhverfi þannig að öllum líði vel í starfi.
- Að skapa stöðugleika í starfsmannahaldi.
- Að hæfileikar hvers og eins fái að njóta sín í hvetjandi og uppbyggilegu starfsumhverfi.
- Að allir starfsmenn taki þátt í aðgerðaráætlun gegn einelti og fylgi eftir *Skildi*, áætlun um jákvæð samskipti.
- Að allir starfsmenn vinni samkvæmt agastefnu skólans; *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga*.

## 2.6 Samfélag

*Stefna Sandgerðisskóla er:*

- Að stuðla að samstarfi við grenndarsamfélagið.
- Að stuðla að jákvæðri ímynd skólans og menntunar.

- Að vera lifandi miðstöð í bæjarfélaginu þar sem allir eru velkomnir.
- Að vera öllum opin og í góðum tengslum við nánasta umhverfi, náttúru, menningu og atvinnulíf.
- Að skólastarfið sé ekki bundið við veggj skólans og skólahúsnæðið standi annarri uppbyggilegri starfsemi til boða sem stuðlar að velferð samborgara og eykur hag samfélagsins.
- Að stuðla að Uppeldi til ábyrgðar – Uppbyggingu sjálfsaga í samvinnu við grenndarsamfélagið og samstarfsaðila skólans.

## 3. Nefndir, ráð og teymi

### 3.1 Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs.

### 3.2 Fræðsluráð

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera fræðsluráð sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Fræðsluráð skal kosið af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í fræðsluráði og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Varamenn í fræðsluráði skulu vera jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fræðsluráðsfundum með málfrelsi og tillögurétt.

## 3.3 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við Sandgerðisskóla. Um er að ræða fimm manna stjórn sem kosin er árlega.

*Í grunnskólalögum segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.*

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð

## 3.4 Nemendaráð

Við grunnskóla skal starfa nemendaráð og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendaráð nemenda vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.

Nemendaráð/nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr. grunnskólalaga frá 2008.

Í nemendaráði Sandgerðisskóla situr a.m.k. einn fulltrúi úr hverjum árgangi í 8.–10. bekk. Nemendaráð er hluti af valgreinum og bjóða nemendur sig fram í að vera í ráðinu í eitt ár í senn.

Nemendaráð skal fá skólanámskrá til umsagnar og aðrar áætlanir er varða skólahaldið. Nemendaráð skal jafnframt fá til umsagnar fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær eru teknar.

Nemandi skal vera til fyrirmyndar í skólanum sem og utan hans til þess að geta setið í nemendaráði.

## 3.5 Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við Sandgerðisskóla skv. reglugerð mennta- og menningarmálaráðherra um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum., nr. 584/2010, 17. – 20. gr. sem byggir á 40. gr. laga um grunnskóla.

Skólastjóri skal samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun

nemendaverndarráðs. Jafnframt skal stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eftir því sem þurfa þykir.

Skólastjóri skipar nemendaverndarráð til eins árs í senn og er ábyrgur fyrir starfi ráðsins sem skal taka mið af aðstæðum í hverjum skóla. Skólastjóri eða fulltrúi hans stýrir starfi nemendaverndarráðs.

Í ráðinu sitja aðstoðarskólastjóri, deildastjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, nemendaráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur, kennsluráðgjafi, skólasálfræðingur og fulltrúi félagsþjónustu.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna aðstæðna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

### 3.6 Teymi sérfræðinga innan skólans

Stoðteymi skólans er skipað deildastjóra stoðþjónustu, námsráðgjafa, þroskaþjálfara, nemendaráðgjafa, umsjónarmanni Miklagarðs, deildastjóra Ásgarðs, verkefnisstjóra Riddaragarðs og kennurum Þjóðgarðs auk þess sem sérfræðingar geta kallað aðra starfsmenn skólans til funda og ráðgjafar. Teymið hittist þegar þörf er á og vinnur að velferð nemenda innan skólans. Teymið skipuleggur, fer yfir og tryggir þjónustu við nemendur sem þurfa á stoðþjónustu að halda samkvæmt þeirra mati.

### 3.7 Eineltisteymi - samskiptateymi

Samskiptateymi Sandgerðisskóla er skipað kennurum af hverju stigi og almennu starfsfólki. Mikilvægt er að í teyminu sé einstaklingur af hverju sviði skólans; skólastjórnandi, námsráðgjafi, kennari á hverju stigi, oddviti Skjaldar, umsjónarmaður, stuðningfulltrúi og skólaliði. Kosið skal í eineltisteymið á hverju hausti við upphaf skólaárs.

Samskiptateymi er ætlað að taka á stærri samskipta/eineltismálum sem koma upp og koma þeim í ákveðinn farveg. Samskiptateymi sér um að endurskoða og fylgja áætlun skólans um jákvæð samskipti.

Þau mál sem koma inni á borð teymisins þurfa að vera vel rökstudd og unnin eftir eineltisáætlun skólans.

### 3.8 Jafnréttis- og forvarnarteymi

Jafnréttis- og forvarnarteymi skólans er skipað fimm fulltrúum ár hvert. Í ráðinu sitja Aðstoðarskólastjóri, öryggisfulltrúi, kennarar og fulltrúi almennra starfsmanna. Hlutverk teymis er að fylgja eftir að unnið sé eftir Jafnréttisáætlun skólans og forvarnaráætlun. Áætlanir skulu vera endurskoðaðar ár hvert. Jafnréttis- og forvarnarteymi sendir fulltrúa á Jafnréttisþing, kynnir sér jafnréttisáætlun og jafnlaunavottun sveitarfélagsins og fylgist með breytingum sem verða á lögum og reglugerðum um jafnréttismál. Aðstoðarskólastjóri er jafnréttis- og forvarnarfulltrúi skólans og til hans skal leita ef grunur er um brot á áætlun eða lögum. Jafnréttis- og forvarnarfulltrúi situr fundi forvarnarteymis sveitarfélagsins, Sunnu.

### 3.9 Teymi til stuðnings framfarapróunar í skólastarfi

Fagteymi skólans funda í minnst sex skipti yfir skólaárið til að stuðla að framfarapróun í kennsluháttum. Teymin eru mynduð af kennurum og starfsfólki, sem velja sér teymi út frá fagþekkingu eða áhuga. Hlutverk teymanna er að finna nýjungar, þróa, ræða og fræða samstarfsfólk.

Teymin eru:

- Læsis-teymi
- Stærðfræðiteymi
- Uppbyggingarteymi
- Heilsueflandi teymi
- UNESCO teymi
- Leiðsagnarnámsteymi
- Fjölmennigarteymi

Innan Sandgerðisskóla starfa einnig teymi sem sinna sértækum verkefnum og hafa það hlutverk að styðja við velferð, jafnrétti, samskipti og faglegt starf. Þessi teymi fylgja eftir verkferlum, veita ráðgjöf og stuðning.

Teymin eru:

- Skjöldur – Samskiptateymi skólans

- Áfallateymi
- Jafnréttis- og forvarnarteymi
- Skólaráð
- Sérfræðingateymi stoðþjónustu

## 4. Skólastarfið

### 4.1 Skólaárið

Starfstími nemenda í grunnskóla skal á hverju skólaári vera að lágmarki níu mánuðir. Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 180. Skipting milli kennsludaga og annarra skóladaga nemenda er á ábyrgð skólastjóra að höfðu samráði við skólaráð og að fenginni staðfestingu skólanefndar.

Að vori er gefið út skóladagatal fyrir komandi skólaár.

### 4.2 Skóladagurinn

Sérhver skóladagur er í samræmi við útgefna stundaskrá hvers bekkjar og skóladagatal. Tilkynnt er um breytingar á stundaskrá með fyrirvara, með tölvupósti og á heimasíðu skólans. Að jafnaði hefst skóladagur nemenda í 1.-7. bekk kl. 8:15 en kl. 9:00 hjá nemendum í 8.-10. bekk.

### 4.3 Frímínútur

Nemendum í 8., 9. og 10. bekk stendur til boða að vera inni í frímínútum.

Nemendur í 1. – 7. bekk fara út í frímínútur og þurfa þess vegna að koma í skólann klæddir í samræmi við veður.

Skólaliðar og stuðningsfulltrúar eru á vakt í frímínútum og eiga að sjá til þess að allt fari vel fram úti sem inni og grípa inn í atburðarás, ef þörf krefur. Nemendur geta snúið sér beint til þeirra með ýmsar ábendingar og fyrirspurnir. Sérstaklega er vakin athygli á því að samkvæmt skólareglum ber nemendum að hlýða öllu starfsfólki skólans og sýna almenna kurteisi.

Yngri nemendum ber að halda sig á lóð skólans í frímínútum.

Tóbaksnotkun og notkun rafretta er bönnuð með lögum í grunnskólum landsins og það á jafnt við um skólabyggingu og skólalóð Sandgerðisskóla.

Verkefnið „Fjör í frímó“ undir stjórn nemenda í 9. bekk er starfsrækt í frímínútum skólans.

## 4.4 Á leið í og úr skóla

Mikilvægt er að foreldrar sýni börnum sínum stystu og öruggustu leiðina í skólann, sérstaklega þegar þau eru að byrja í fyrsta bekk eða að byrja í nýjum skóla. Þá er rétt að foreldrar fylgi börnum sínum fótgangandi fyrstu vikuna á meðan börnin átta sig á nýju umhverfi. Nauðsynlegt er að takmarka umferð um skólasvæði eins og kostur er. Til að tryggja öryggi nemenda er akstur á skólalóðinni með öllu óheimilaður að undan skyldri vörumóttöku og því þegar fötluðum nemendum er keyrt til og frá skóla.

Ef foreldrar/forráðamenn aka börnum sínum að skólanum er ætlast til þess að þeim sé hleypt út úr bifreiðum í sleppistæði.

## 4.5 Móttaka nýrra nemenda

Tekið er á móti nýjum nemendum Sandgerðisskóla samkvæmt móttökuáætlun. Á hér við um nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi.

Nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk í Sandgerðisskóla fá ásamt foreldrum sínum víðtæka kynningu sem hefst á lokaári þeirra í leikskóla. Nemendur koma í heimsóknir, haldnir eru fræðslufundir fyrir foreldra og boðið upp á kynningar á skólastarfinu en nánar er fjallað um samstarf við Leikskólann Grænuborg í kafla 4.18.

Foreldrar/forráðamenn skrá nemendur sem flytjast milli skóla í gegnum nemendagrunn MMS á island.is einnig má finna beina slóð á heimasíðu skólans undir: <https://island.is/saekja-um-nyjan-grunnskola> Nýir nemendur koma í skólann til fundar við skólastjórnendur og umsjónarkennara ásamt forráðamönnum áður en formleg skólaganga hefst, fá kynningu á helstu þáttum skólastarfsins og skoða skólabygginguna. Frekari aðlögun fer eftir aldri nemenda og aðstæðum.

## 4.6 Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir í upphafi skólaárs og þar skipaðir bekkjarfulltrúar sem halda utan um félagstarf, svokölluð bekkjarkvöld árganganna yfir skólaárið. Tilfallandi foreldrafundir eru haldnir að auki ef þörf er á.

### 4.6.1 Hópfundir

Foreldrar eru kallaðir til hópfundar að hausti, um er að ræða svokallaða foreldrasamveru þar sem skólinn reynir í samvinnu við foreldrahópinn að stilla saman strengi sína. Auk þess er kallað til funda þegar tekin eru fyrir mikilvæg málefni er snerta árganga eða nemendahópa. Enn fremur er boðið uppá ýmis fræðsluerindi og

kynningar á hverri önn, m.a. varðandi forvarnir og uppeldi. Skólinn boðar ýmist einn og sér til funda eða í samráði við aðra aðila, s.s. lögreglu, foreldrafélag, félagsþjónustu eða íþrótt- og tómstunda.

#### **4.6.2 Viðtöl**

Formleg samtöl milli heimilis og skóla eru haldin að jafnaði tvisvar sinnum yfir skólaárið, á haustönn og á vorönn undir merkjunum samskiptadagur/dagar. Þá mæta nemendur ásamt foreldrum/forráðamönnum sínum til fundar við umsjónarkennara. Á fundunum er rætt um náms- og félagsleg staða nemandans, líðan hans í skólanum, skólasókn hans og styrkleika.

#### **4.7 Stoðþjónusta**

Stoðþjónustu er að mestu sinnt innan skólans fyrir nemendur er þess þurfa. Á þetta bæði við um nemendur með námsörðuleika og bráðgera nemendur.

Stoðþjónusta fer ýmist fram innan bekkjarins eða utan hans. Innan bekkjar vinna nemendur t.d. einir eða í smærri hópum en þjónusta utan bekkjar er vinna í formi smánámskeiða til dæmis í félagsfærni, reiðstjórnun, kvíðastjórnun eða sértækum námsstuðningi.

Foreldrar eru hafðir með í ráðum ef fyrirhugað er að veita nemendum stoðþjónustu og er slíkt ávallt sett fram af ígrundun, fagmennsku og með þarfir nemandans að leiðarljósi.

Mennta- og tómstundasvið Suðurnesjabæjar veitir stuðning við skólastarf, nemendur og foreldra. Á Mennta- og tómstundasviði starfa kennsluráðgjafar, sálfræðingur og talmeinafræðingur. Undir sviðið tilheyra allir leik- og grunnskólar Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga.

##### **4.7.1 Sértæk kennsla og sérfræðiþjónusta**

Sandgerðisskóli hefur það að leiðarljósi að bjóða upp á vandað einstaklingsmiðað nám við hæfi hvers og eins þar sem lítið er til fjölmenningar, jafnréttis, lýðræðis og mismunandi námsþarfa í samræmi við lög og reglugerðir sem og Barnasáttmála SP.

##### **4.7.2 Stuðningur inni í bekk**

Einstakir nemendur hafa sérstakan stuðning inn í bekk (stuðningsfulltrúa). Misjafnt er hvort umræddur aðili fylgi einum nemanda eða sé til aðstoðar inni í bekkjardeildum eða fylgi hópum.

## 4.8 Garðarnir – Riddaragarður, Mikligarður, Ásgarður og Þjóðgarður

Riddaragarður, Mikligarður, Ásgarður og Þjóðgarður eru námsver fyrir nemendur. Þörfum nemenda er þar mætt með fjölbreyttu námsumhverfi og kennsluháttum, námshvatningu með áherslu á jákvæð samskipti og árangursríka skólagöngu. Nemendur verja mismörgum stundum í úrræðunum á viku og eru alltaf hluti af bekk.

### 4.8.1 Riddaragarður

Riddaragarður er sérúrræði fyrir nemendur í 1. - 6. bekk. Markmið garðsins er að veita nemendum með sérþarfir námsumhverfi, námshvatningu og atferlismótandi umhverfi við hæfi. Jafnframt eru nemendur Riddaragarðs hvattir til jákvæðra samskipta og leitast er við að gera skólagöngu nemenda árangursríka og ánægjulega.

Í Riddaragarði starfa kennarar og stuðningsfulltrúar með nemendum og veita leiðsögn í minni námshópum. Litið er á úrræðið sem tímabundið með það að markmiði að nemendum miði áfram og komi til með að taka aukinn þátt í almennu bekkjarstarfi. Þrátt fyrir sérúrræði taka flestir nemendur fullan þátt í öðru skólasterfi og fá tækifæri til að sýna ábyrga hegðun í leik og starfi.

### Leiðir og framkvæmd í Riddaragarði

Deildarstjóri stoðþjónustu og verkefnisstjóri Riddaragarðs fara með úthlutun á tímum í Riddaragarði í samráði við umsjónarkennara sem ber ábyrgð á skipulagningu náms. Nemendur fara út úr bekk, oftast með námsefni bekkjarins og vinna í Riddaragarði í minni hóp.

Tímafjöldi í Riddaragarði fer eftir þörfum nemandans en þeim er ætlað að vera hvetjandi og veita öryggi. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð og jákvæða hegðun. Þessum tímum fer fækkandi þegar nemendur hafa öðlast öryggi og eru reiðubúnir til fullrar þátttöku í sínum bekk. Námskrá er fylgt eins og kostur er.

### 4.8.2 Ásgarður

Nemendur í 1. – 10. bekk með einhverfu og skyldar fatlanir og erfiðleika hafa kost á námi í sérdeild innan skólans. Deildarstjóri stoðþjónustu og deildastjóri Ásgarðs fara með úthlutun á tímum í Ásgarði í samráði við umsjónarkennara sem ber ábyrgð á skipulagningu náms.

Meginmarkmið deildarinnar er að nemendur verði eins sjálfstæðir og ábyrgir fyrir sínu námi og hegðun eins og mögulegt er. Þar fer fram einstaklingsmiðuð kennsla/þjálfun

og stutt er við nám nemenda í almennu skólstarfi. Allir nemendur deildarinnar eru skráðir í almenna bekk og taka eins mikinn þátt í almennu skólstarfi og þeir geta hverju sinni. Þá er unnið út frá þörfum hvers og eins.

## **Kennslu og þjálfunaraðferð í Ásgarði**

Umhverfi og skipulagi deildarinnar er mótað eftir þeim nemendahópi sem sinnir námi sínu þar hverju sinni og því er starfsemin flæðandi og breytileg. Allir nemendur í Ásgarði hafa einstaklingsnámskrá eða einstaklingsáætlun en hún er unnin af kennurum og fagmönnum deildarinnar í samráði við foreldra þeirra. Almenn námskrá er höfð til hliðsjónar en einnig er hugað að getu, þörfum og áhugamálum nemandans sem og óskum foreldra.

### **4.8.3 Mikligarður**

Mikligarður er úrræði fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Markmið garðsins er að veita nemendum sem þess þurfa námsumhverfi, námshvatningu og atferlismótandi umhverfi við hæfi. Jafnframt eru nemendur Miklagarðs hvattir til jákvæðra samskipta og leitast er við að gera skólagöngu nemenda árangursríka og ánægjulega.

Í Miklagarði starfa kennarar og stuðningsfulltrúar með nemendum og veita leiðsögn í minni námshópum. Nemendur vinna með námsefni við hæfi og víkja stundum frá námskrá. Litið er á úrræðið sem tímabundið með það að markmiði að nemendum miði áfram og komi til með að taka aukinn þátt í almennu bekkjarstarfi. Þrátt fyrir sérúrræði taka flestir nemendur fullan þátt í öðru skólstarfi og fá tækifæri til að sýna ábyrga hegðun í leik og starfi.

## **Leiðir og framkvæmd í Miklagarði**

Deildarstjóri stoðþjónustu og umsjónarmaður Miklagarðs fara með úthlutun á tímum í Miklagarði í samráði við umsjónarkennara sem ber ábyrgð á skipulagningu náms. Nemendur fara út úr bekk og vinna með námsefni við hæfi.

Tímafjöldi í Miklagarði fer eftir þörfum nemandans en þeim er ætlað að vera hvetjandi og veita öryggi. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð og jákvæða hegðun. Þessum tímum fer fækkandi ef nemendur sýna þann aga og þátttökugetu sem ætlast er til af þeim í almennum bekk. Námskrá er fylgt eins og kostur er.

## 4.8.4 Þjóðgarður

Skipulag kennslu í íslensku sem öðru tungumáli felur í sér að nemendur eru metnir út frá flokkun aðalnámskrár grunnskóla í byrjendum, lengra komna, lengst komna og brú. Einnig er litið til aldurs nemandans, þroska og þess málsvæðis sem hann kemur frá. Kennslustundafjöldi er einnig ákvarðaður út frá þessum atriðum. Fjöldi kennslustunda er metinn af deildarstjóra stoðþjónustu, kennurum í íslensku sem öðru tungumáli og umsjónarkennara. Stuðst er við mat kennara í íslensku sem öðru tungumáli og deildarstjóra stoðþjónustu, upplýsingar um fyrri skólagöngu nemenda, kunnáttu í íslensku, aldur og annað sem talið er skipta máli.

## Kennsla og þjálfunaraðferðir

Í námsgreininni íslenska sem annað mál er mælt sérstaklega með námsefni sem er myndrænt auk þess að hæfa aldri nemenda efnislega. Þegar nemendur hefja nám í íslensku sem öðru máli þarf að velja námsefni með tilliti til aldurs nemendanna, hversu lík íslenskan og móðurmál þeirra og stöðu þeirra í lestri á móðurmálinu. Myndræn tenging við texta og námsefni er mikilvæg til að byggja upp orðaforða og hjálpa nemendum að skilja það sem þeir vinna að. MMS gefur út efni sem er sérstaklega ætlað nemendum með íslensku sem annað tungumál. Stuðst er við MEMM leiðbeiningar MSS um skil á einkunn við lok skólagöngu í grunnskóla. Þá hafa mörg spil verið gefin út sem og námsefni unnið af kennurum ÍSAT nemenda, sem efla orðaforða og nýtast vel í kennslu. Þá ber síðast að nefna vef MMS sem hýsir fjölda leikja sem styrkja íslenskukunnáttu.

## 4.8 Greiningar, tilvísanir og mat á stuðningsþörfum

Telji foreldrar eða kennarar ástæðu til að nemandi fái stoðþjónustu og þurfi sérstakan stuðning er það tekið fyrir á nemendaverndarráðsfundi. Oft eru lögð til greiningarpróf sem framkvæmd eru af sérfræðingum. Umsóknir skulu vera vandlega útfylltar af umsjónarkennara, foreldri og skólastjórnanda. Allar umsóknir um greiningar, sem óskað er eftir fara til meðhöndlunar og samþykkis hjá Nemendaverndarráði.

Ákveðnar tegundir greininga fara fram innan Sandgerðisskóla eins og LOGOS sem er lestrargreiningartæki. Aðrar greiningar eru unnar í samstarfi við Mennta- og frístundasvið Suðurnesjabæjar.

## 4.8.1 Samstarf heimilis og skóla

Samstarf milli heimilis og skóla eru forsenda þess að vel takist til með nám og þjálfun nemandans í gördum sem og í öðru skólastarfi. Einnig er mjög mikilvægt að allt starfsfólk sem koma að nemendum starfi vel saman. Teymisfundir eru mikilvægir þar sem upplýsingum er miðlað og byggð upp samvinna milli heimili, skóla og aðra fagaðila ef við á. Þannig næst markviss árangur í starfi.

## 4.9 Einstaklingsnámskrá

Gefin er út einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem í námi sínu og starfi víkja frá markmiðum bekkjarnámskrár og þeim viðmiðum sem þar eru sett. Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu umsjónarkennara, sérkennara og sérgreinakennara og er undirrituð og samþykkt af foreldrum í kjölfar foreldrafundar.

## 4.10 Kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og nemendaráðgjöf

Hægt er að óska eftir kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og nemendaráðgjöf í tengslum við nám og kennslu. Kennsluráðgjöf er unnin með stjórnendum eða sótt til Mennta- og tómsfundasviðs Suðurnesjabæjar þar sem kennsluráðgjafi hefur viðveru í skólanum einu sinni í viku. Námsráðgjafi er umsjónarmaður er með sérstaka skilgreinda tíma til beinnar ráðgjafar. Foreldrar og kennarar geta sótt um aðkomu hans í gegn um deildarstjóra stoðþjónustu. Nemendaráðgjafi, sem er með sálfræðimenntun, sinnir almennri stoðþjónustu, námskeiðum í félagsfærni og einstaklingsráðgjöf er varðar líðan. Sótt er um aðkomu hans í gegn um deildarstjóra stoðþjónustu.

## 4.11 Heimanám

Heimanámsstefna skólans er með þeim hætti að á yngsta stigi er ætlast til að nemendur lesi heima alla virka daga og er önnur heimavinna lögð fyrir eftir þörfum. Á miðstigi er einnig farið fram á daglegan lestur auk þess sem óunnin verkefni eða annað heimanám tengt námi nemenda fer heim með jöfnum stíganda upp skólastigið. Á elsta stigi má búast við að nemendur sinni heimanámi í einhverja stund daglega. Miðað er við að heimanám sé æfing eða ígrundun á fyrr innlögðu námsefni eða heimildavinna og að nemendur séu sjálfstæðir í sínu heimanámi.

## 4.12 Fastir liðir og viðburðir í skólastarfinu

Fastir liðir og viðburðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfi Sandgerðisskóla. Þeir styðja við markmið skólans um fjölbreytt nám, jákvæð samskipti, heilsueflingu, sjálfbærni og virka þátttöku nemenda. Með fjölmörgum viðburðum og verkefnum yfir skólaárið skapast tækifæri til samvinnu, sköpunar, gleði og lærdóms innan og utan skólastofunnar.

### 4.12.1 Skólasetning

Að hausti er skólinn settur af skólastjóra. Þá mæta nemendur ásamt foreldrum, fara til fundar við umsjónarkennara og fá afhentar stundatöflur og skóladagatal. Eftir skólasetninguna er hefðbundin kennsla eftir stundatöflu.

### 4.12.2 Skólagleði og bæjarhátíðin „Vitadagar“

Fyrsta fimmtu- og föstudag skólaársins er uppbrot í skólastarfi og skemmtun á sal skólans fyrir nemendur ásamt ratleik og pizzuveislu, föstudagurinn er skertur skóladagur.

### 4.12.3 Læsisverkefni

Læsi er alla jafna gert hátt undir höfði í Sandgerðisskóla en tvisvar sinnum yfir skólaárið, að hausti og að vori, er það allt um yfir. Þá skipuleggja verkefnisstjórar læsis ásamt læsisteymi áherslusvið þar sem ýmist er unnið með lestur, ritun, tal og hlustun. 8. september er dagur læsis.

### 4.12.4 Dagur náttúrunnar

Dagur íslenskrar náttúru er haldinn hátíðlegur 16. september. Þá leggur skólinn áherslu á grenndarkennslu og umhverfismennt, ásamt því að nemendur tína rusl í nærumhverfi sínu.

### 4.12.5 Heilsueflandi dagar

Sandgerðisskóli er Heilsueflandi skóli og tekur því þátt í verkefnum: Göngum í skólann, Hjólum í skólann, Lífshlaupinu og Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Á hverju hausti er Heilsuvika í Suðurnesjabæ og tekur Sandgerðisskóli virkan þátt í henni með uppbroti á hverjum degi tengda hreyfingu. Í Heilsuviku er einnig íþróttadagur. Þá eru settar upp ýmsar þrautir um skólalóðina sem nemendur þurfa að leysa. Þann dag fer einnig fram keppni milli kennara og nemenda í 10. bekk í knattspyrnu. Sandgerðisskóli tekur þátt í Skólahreysti. Með reglulegu uppbroti sem stuðlar að hreyfingu vill skólinn hvetja

starfsfólk og nemendur til hreyfingar. Heilsueflandi teymi skólans í samstarfi við íþróttakennara og deildastjóra halda utan um þessi verkefni. Ár hvert er Forvarnardagurinn haldinn í 9. bekk í samstarfi við lögreglu, félagsmiðstöð og Embætti landlæknis.

#### **4.12.6 Alþjóðadagur friðar, dagur mannréttinda barna og dagur gegn einelti**

Sandgerðisskóli er UNESCO skóli og leggur því áherslu á Heimsmarkmiðin, Barnasáttmálann, sjálfbærni, frið, náttúru og öryggi. 21. september er dagur friðar og vinna þá nemendur verkefni í heimastofum eða í samstarfi við vinabekki verkefni tengd frið á jörðu.

Dagur jákvæðra samskipta er ávallt haldinn 8. nóvember ár hvert. Þá hittast vinabekkir og vinna verkefni í tengslum við vináttu og að koma vel fram við hvert annað. Nemendur fá fræðslu um skaðsemi eineltis og mikilvægi þess að styðja við náungann. Afrakstur nemenda er til sýnis á göngum skólans.

Dagur mannréttinda barna er haldinn 20. nóvember ár hvert. Þá er farið sérstaklega yfir mannréttindi og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með nemendum og vinna þeir þematengd verkefni í tengslum við daginn.

#### **4.12.7 Dagur íslenskrar tungu**

16. nóvember er *Dagur íslenskrar tungu* og fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar. Sandgerðisskóli leitast við að halda þennan dag hátíðlegan. Hann markar upphaf Stóru upplestrarkeppninnar hjá 7. bekk og Litlu upplestrarkeppninnar hjá 4. bekk. Þá fara fulltrúar úr 8. bekk og lesa sögu um vináttu fyrir börn á Leikskólanum Grænuborg og flytja ljóð fyrir heldriborgara í Miðhúsum.

#### **4.12.8 Stóra og litla upplestrarkeppnin**

Í 7. bekk er mikil áhersla lögð á framsögn og tjáningu og þá sérstaklega í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina sem hefst formlega á *Degi íslenskrar tungu* ár hvert. Skólakeppni Stóru upplestrarkeppninnar fer fram á sal skólans en þar eru valdir þeir þrír fulltúar skólans sem taka þátt fyrir hönd skólans í Stóru upplestrarkeppninni að vori ásamt nemendum úr Gerðaskóla og Stóru- Vogaskóla. Nemendur í 4. bekk fá einnig tækifæri til að þjálfa upplestur og framkomu með þátttöku í Litlu-upplestrarkeppninni. Litla upplestrarkeppnin er haldinn á sal skólan að vori og þá er foreldrum/forráðamönnum boðið að koma og hlýða á upplestur og í Pálínuboð í

skólastofu 4. bekkjar. Nemendur Tónlistarskóla Sandgerðis flytja tónlistaratriði á þessum hátíðum.

#### **4.12.9 Jólahefðir, Jólasamvera og jólaskemmtun**

Vikan fyrir jólafrí er tileinkuð jólagleðinni. Í byrjun vikunnar eru jólastöðvar og er nemendum skipt upp í hópa þvert á aldurstig og á stöðvum eru föndur, leikir og þrautir. Jólasöngur á sal er hluti af desemberdagskrá þá koma nemendur saman á sal skólan í upphafi dags og syngja saman jólalög. Í desember heimsækja einnig rithöfundar skólann og lesa upp úr nýútgefnum bókum sínum.

Jólaskemmtun í 1. – 6. bekk er haldin ár hvert þar sem nemendur sýna atriði eða syngja á sal skólans fyrir foreldra og aðra nemendur.

Litlu – jól er jólasamvera sem er haldin síðasta daginn fyrir jólafrí og er skertur dagur. Þar sem nemendur eiga notalega samverustund með umsjónarkennara sínum. Í lok dagsins er dansað í kringum jólatréð.

#### **4.12.10 Öskudagur**

Nemendur og starfsfólk mæta í öskudagsbúningum. Þennan dag er óhefðbundin kennsla að hluta til. Þá vinna nemendur ýmis skemmtileg verkefni ásamt því að mæta á sal í diskógleði. Skóladegi lýkur á hádegi.

#### **4.12.11 112 dagurinn**

112 dagurinn hefur verið haldinn árlega á Íslandi síðan 2005 og ber hann ávallt upp á 11. febrúar. Markmið dagsins er að kynna neyðarnúmerið 112 og starfsemi hinna fjölmörgu neyðarþjónustuaðila sem tengjast því. Skólinn hefur tekið virkan þátt í deginum með það að markmiði að efla vitund nemenda og starfsfólks um mikilvægi starfsemi 112 og hvernig þjónustan nýtist almenningi.

#### **4.12.12 Dagur stærðfræðinnar**

Dagur stærðfræðinnar er 14. mars. Þá er leitast við að gera stærðfræðinni hátt undir höfði og að samþætta stærðfræði við aðrar námsgreinar og/eða vinna þematengd stærðfræðiverkefni.

#### **4.12.13 Þemadagar**

Þemadagar eru haldnir annað hvert ár á vorönn. Afrakstur vinnunnar er venjulega til sýnis og er gestum þá boðið í heimsókn.

## **4.12.14 Starfsgreinakynning 8. og 10. bekkjar**

Starfsgreinakynning fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum hefur verið haldin reglulega frá árinu 2012. Síðustu ár hefur kynningin verið hluti af Sóknaráætlun Suðurnesja, haldin af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum en skipulögð af Þekkingarsetri Suðurnesja. Markmið starfsgreinakynningarinnar er að efla starfsfræðslu grunnskólanemenda í 8. og 10. bekk. Kynningin er einnig mikilvægur þáttur í því að auka starfsvitund og skerpa á framtíðarsýn ungs fólks. Henni er sérstaklega beint að eldri nemendum grunnskólanna meðal annars vegna þess að hlutfall þeirra 10. bekkinga sem halda áfram námi að loknum grunnskóla hefur verið lægra á Suðurnesjum en annars staðar á landinu síðustu ár.

## **4.12.15 Árshátíð**

Er haldin að vori þar sem nemendur sýna leikrit, syngja og spila á hljóðfæri. Annað hvert ár er árshátíðin tvískipt en hitt árið er hún þrískipt. Þegar árshátíðin er tvískipt er skólahópur leikskólans og 1. – 6. bekkur saman með sýningu á sal og árshátíð 7. – 10. bekkjar er haldinn á fimmtudegi fyrir páskafrí. Það ár sem árshátíðin er þrískipt er það vegna þess að nemendur úr 3. – 6. bekk setja á svið stóra leiksýningu saman. Þegar árshátíðin er tvískipt er hún í tengslum við þemadaga hjá yngri nemendum. Á árshátíð eldri eru nemendur með skemmtiatriði sem endar með balli sem haldið er í samvinnu við félagsmiðstöðina Skýjaborg og nemendum Gerðaskóla er boðið að taka þátt.

## **4.12.16 Skelin - Barnamenningarhátíð Suðurnesjabæjar**

Skelin er árleg barnamenningarhátíð Suðurnesjabæjar sem haldin er í apríl. Markmið hátíðarinnar er að efla menningarstarf fyrir börn og ungmenni og skapa fjölbreytt tækifæri til þátttöku, sköpunar og upplifunar.

Á hátíðinni er boðið upp á fjölbreytta dagskrá í samstarfi við skóla, leikskóla, íþrótt- og tómstundafélög, menningarstofnanir og aðra aðila í grendarsamfélaginu. Nemendur Sandgerðisskóla taka þátt í fjölbreyttum viðburðum og verkefnum sem stuðla að sköpunargleði, samstarfi og jákvæðri upplifun af menningu og listum.

## **4.12.17 Vorferðir og aðrar námsferðir**

Á hverju vori er farið í vorferð með bekk. Þá fer kennslan að miklu leyti fram utandyra og er með óhefðbundnu sniði. Nemendur gróðursetja tré, hreinsa til í kringum skólann

og bæinn okkar og vinna að ýmsum verkefnum. Farið er í vorferð með alla árganga skólans.

Nemendur fara ár hvert í náms- og skemmtiferðir.

- 1.– 8. bekkur fara í dagsferðir.
- 7. bekkur fer í Skólabúðirnar á Reykjum í Hrutafirði að hausti og eru þar í fjórar nætur.
- 9. bekkur fer í ævintýralega vorferð, innanlands.
- 10. bekkurinn fer á Úlfjótsvatn.
- 7. – 10. bekkur stefnir ár hvert á skíðaferð í febrúar sem nemendaráð sér um að skipuleggja.

#### 4.12.18 Skólarokk

Skólarokk er haldið í lok hvers skólaárs og er einn af föstum hápunktum skólstarfsins. Markmið daganna er að efla samvinnu, jákvæð samskipti, sköpunargleði, hreyfingu og þátttöku nemenda í fjölbreyttum verkefnum.

Í Skólarokki keppir hver árgangur sem eitt lið og hefur sinn eigin lit. Nemendur takast á við fjölbreytt verkefni sem reyna á þekkingu, útsjónarsemi, samvinnu, sköpun og líkamlega færni. Keppt er meðal annars í íþróttum, hreyfiprautum, list- og verkgreinum, sundi og fræðigreinum.

#### 4.12.18 Sumargleði

Foreldrafélag Sandgerðisskóla tekur þátt í að fjármagna skemmtiatriði á sumargleði skólans, sem haldin er degi fyrir skólaslit. Foreldrafélagið mætir einnig og sér um skipulag við að grilla pylsur fyrir nemendur. Sumargleði fer að mestu fram úti í þematengdum verkefnum með nemendum.

#### 4.12.19 Skólaslit

Að vori eru skólaslit. Þá mæta nemendur ásamt foreldrum og fá afhentan vitnisburð. Útskriftarárgangur skólans mætir til hátíðlegrar kveðjuathafnar þar sem hann er formlega útskrifaður úr grunnskóla.

#### 4.13 Skólasel

Skólasel býður upp á samfelldan dag fyrir nemendur í 1.–4. bekk að loknum skóladegi, frá kl. 13:15 til 16:15 mánudaga til föstudaga. Skólasel er staðsett í Sólborg,

Sólheimum 3–5, ásamt Eftirskólaúrræðinu Skýinu og Félagsmiðstöðinni Skýjaborg. Starfsmenn fylgja börnum í starfseminu þegar hefðbundnum skóladegi lýkur.

Á Skólaseli er skipulögð dagskrá þar sem hugað er að frjálsum leik, listsköpun, hreyfingu og næringu. Starfsfólk vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar (e. Restitution).

Boðið er upp á síðdegishressingu alla daga. Skólasel er lokað í jóla- og páskafríum sem og á starfsdögum skóla. Á samskiptadögum er Skólasel opið frá kl. 8.15 til 16.15. Foreldrar þurfa að láta starfsfólk Skólasels vita hvort barnið muni nýta sér vistun á þeim dögum. Tilkynna þarf sérstaklega, til umsjónarmanns Skólasels um íþrótta- og tómstundastarf sem barnið þarf að sækja innan tíma Skólasels.

Foreldrar þurfa að sækja um og greiða fyrir dvöl í Skólaseli. Gjaldskrá Skólasels er ákvörðuð ár hvert og hægt er að nálgast á heimasíðu Suðurnesjabæjar: <https://www.sudurnesjabaer.is/is/stjornsysla/fjarmal/gjaldskra>. Boðið er upp á fulla dvöl sem miðast að jafnaði við alla virka daga mánaðar og hálfu dvöl sem miðast við 6 klst. á viku. Ef foreldrar hyggjast hætta að nota Skólasel þarf að láta vita af því með tveggja vikna fyrirvara. Nauðsynlegt er að tilkynna forföll, leyfi og veikindi með vefkerfinu *Völu* eða í símanúmer Skólasels 425-3105 fyrir kl: 13.00 þá daga sem barnið kemur ekki í Skólasel. Tilkynna þarf Skólaseli um breytingar á högum barnsins sem skipta máli í daglegu lífi þess.

Vefpóstur Skólasels er [skolasel@sandgerdisskoli.is](mailto:skolasel@sandgerdisskoli.is).

Umsjónarmaður Skólasels er:

Heiða Rafnsdóttir, netfang hennar er [heida@sandgerdisskoli.is](mailto:heida@sandgerdisskoli.is)

## 4.14 Skýið eftirskólaúrræði

Skýið er eftirskólaúrræði fyrir nemendur með sérþarfir í 5. – 10. bekk Sandgerðisskóla, Gerðaskóla og Stóru-Vogaskóla. Skýið er staðsett í Sólborg, Sólheimum 3–5, ásamt Skólasel og Skýjaborg.

Skýið er opið frá kl. 13:15 til kl. 16:15. Starfsemin hefst í ágúst á sama tíma og kennsla og lýkur daginn fyrir skólaslit. Lokað er á starfdögum. Meginmarkmið starfseminnar er eftirfarandi:

- Að skapa nemendum öruggt umhverfi eftir að skóladegi lýkur
- Að veita nemendum hlýlega umönnun í heimilislegu umhverfi

- Að skapa aðstöðu til leikja, jafnt skipulagðra sem frjálsra leikja
- Að bjóða upp á viðfangsefni sem virkja sköpunarþörfina
- Að veita eðlilega útrás fyrir hreyfipörf og útiveru

Leggja þarf áherslu á að búa nemendum öruggt umhverfi. Starfsmenn skrá mætingu og heimför nemenda. Mikilvægt er að foreldrar virði vistunartíma barna sinna og hafi samband ef um veikindi eða leyfi er að ræða.

Áherslan er heimilislegt og hlýlegt umhverfi. Þegar kennsludegi lýkur í skólanum er nauðsynlegt að nemendur geti notið þess að vera í skipulögðu jafnt sem frjálsu umhverfi þó innan þeirra marka sem Skýið býður upp á.

Nemendur hafa greiðan aðgang að ýmsum tækjum og tólum til listsköpunar s.s. spilum, perlum, pappír, litum o.fl..

Skýið leggur einnig áherslu á að kenna nemendum góða umgengni og frágang. Leiksvæðið utan dyra er mikilvægt og eiga nemendur kost á því að vera í fjölbreyttum leikjum. Nálægðin við náttúruna er mikilvæg og því er grenndarkennsla, gönguferðir og náttúruskoðun fýsilegur kostur.

Miðdegishressing er um kl. 14:30. Nemendur fá hressingu frá Skólamat.

Gott foreldrasamstarf er nauðsynlegt í skóladagvist eins og öllu skólastarfi. Innritun fer fram að vori en nánari skráning um óskir foreldra er gerð í skólabyrjun.

Umsjónarmaður Skýsins er Heiða Rafnsdóttir netfang hennar er [heida@sandgerdisskoli.is](mailto:heida@sandgerdisskoli.is)

## 4.15 Brúum bilið – samstarf við Leikskólann Grænuborg

Samstarf milli leik- og grunnskólans fer að jafnaði fram aðra hverja viku yfir skólaárið. Nemendur úr 1. bekk og skólahópi leikskólans skiptast á að fara í heimsóknir sín á milli.

Í samstarfsverkefninu „Brúum bilið“ er leitast við að undirbúa nemendur elsta stigs leikskólans undir þær breytingar sem þeir ganga í gegnum er þeir flytjast á milli skólastiga. Með samstarfinu er lagður grunnur að tengslamyndun nemenda við starfsfólk grunnskólans sem og að gefa nemendum úr 1. bekk færi á að halda áfram að læra í gegnum leik og halda tengslum við sitt fyrsta skólastig.

## 4.16 Tónlistarnám

Sandgerðisskóli leitast við að efla tónlistaráhuga nemenda sinna með fjölpættu samstarfi við Tónlistarskóla Sandgerðis.

### 4.16.1 Samstarf við tónlistarskóla

Á skólatíma stunda nemendur tónlistarnám á vegum Tónlistarskóla Sandgerðis.

Í boði er fornám tónmenntarkennslu í 1. – 3. bekk. Hljóðfæraval er í 4. bekk þar sem nemendur velja sér hljóðfæri sem þau nema á heilt skólaár. Reynt er að samþætta og tengja tónlistarnám nemenda skólanna eins og framast er unnt.

### 4.16.2 Kórstarf

Skólakór er starfandi við Sandgerðisskóla. Leitast er við að gera starf kórsins sem fjölbreyttast, m.a. með þátttöku á kóramótum og söng við ýmis tækifæri.

### 4.16.3 Val í 8., 9. og 10. bekk

Nemendur unglíngastígs eiga þess kost að nýta tónlistarnám í Tónlistarskóla Sandgerðis sem valgrein.

## 4.17 Samstarf við FS og FÁ

Samstarf er við Fjölbautarskóla Suðurnesja. Samstarfið er tvíþætt, annars vegar geta nemendur sótt fög þar sem valfög á unglíngastigi og hins vegar er samstarfsverkefnið Flugíð við lýði í umsjón náms- og starfsráðgjafa skólans. Samstarf við Fjölbautaskólann við Ármúla er vegna fjarnáms nemenda sem fara hraðar í gegnum námið og þreyta áfanga á framhaldsskólastigi í fjarnámi.

### 4.17.1 Gagnkvæmar heimsóknir og kynning

Námsráðgjafi Fjölbautaskóla Suðurnesja kemur í grunnskólann og kynnir nemendum 10. bekkjar námsframboð FS og fer yfir inntökuskilyrði. Þessi heimsókn fer að jafnaði fram á haustdögum.

Nemendum í 9. bekk er boðið til kynningar á FS, að jafnaði fer sú heimsókn fram á vordögum.

### 4.17.2 FS - val

Elstu nemendum Sandgerðisskóla stendur til boða að stunda nám við Fjölbautaskóla Suðurnesja, í völdum námsgreinum í samráði foreldra, kennara og stjórnenda skólanna.

#### 4.18 Námsmat og vitnisburður

Í Sandgerðisskóla er lögð áhersla á fjölbreytt námsmat og vinna kennarar eftir kenningum *Leiðsagnarnáms*, þar sem áhersla er á lotuskipt nám og reglulegt námsmat yfir skólaárið. Auk prófa sem lögð eru fyrir styðjast kennarar m.a. við símat, verkefnavinnu, kannanir, jafningjamat, hópamat og sjálfsmat nemenda. Áhersla er lögð á einstaklinginn, getu hans, færni, þekkingu og þátttöku. Vitnisburð fá nemendur í lok skólaárs, en hægt er að fylgjast vel með námi og námsárangri nemenda í hæfnikorti og verkefnaeinkunnum á Mentor yfir skólárið.

##### 4.18.1 Hæfnikort í mentor og bókstafseinkunnir

Á hæfnikorti í Mentor geta nemendur og foreldrar fylgst með stöðu nemandans gagnvart hæfniviðmiðum námsins. Þar er notast við sameiginleg hæfnitákn sem gefa til kynna stöðu nemanda á hverjum tíma. Matið er ætlað að vera leiðbeinandi og styðja við áframhaldandi nám og framfarir. Hæfni nemenda er metin á fimm þrepum:

**Framúrskarandi (A)** – Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni og nær hæfniviðmiðum með miklu öryggi og sjálfstæði.

**Hæfni náð (B+/B)** – Nemandi hefur náð þeirri hæfni sem ætlast er til samkvæmt hæfniviðmiðinu.

**Á góðri leið (C+)** – Nemandi er á góðri leið með að ná hæfniviðmiðinu og sýnir vaxandi skilning og færni.

**Þarfnast þjálfunar (C)** – Nemandi þarf frekari þjálfun, leiðsögn og stuðning til að ná hæfniviðmiðinu.

**Hæfni ekki náð (D)** – Nemandi hefur ekki enn náð hæfniviðmiðinu og þarfnast markvissrar aðstoðar og frekari vinnu.

Hæfnikortið gefur þannig skýra mynd af námsframvindu nemenda og styður við samstarf heimila og skóla um nám og velferð barna.

				
Framúrskarandi	Hæfni náð	Á góðri leið	Þarfnast þjálfunar	Hæfni ekki náð
<b>A</b>	<b>B+/B</b>	<b>C+</b>	<b>C</b>	<b>D</b>

## 4.18 Samræmt stöðu- og framvindumat

Sandgerðisskóli nýtir Matsferil Menntamálastofnunar sem hluta af samræmdu námsmati skólans. Matsferill er námsmatskerfi sem veitir heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda yfir skólagönguna. Markmið Matsferils er að styðja við nám og kennslu með því að veita nemendum, foreldrum og starfsfólki skýrar upplýsingar um námsframvindu og styrkleika nemenda.

Í Matsferli eru stöðu- og framvindupróf í lesskilningi, stærðfræði og lesfimi. Próf í lesskilningi og stærðfræði eru ætluð nemendum í 4.–10. bekk og eru skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk. Prófin eru lögð fyrir rafrænt á vorönn, yfirleitt í mars, og gefa mikilvægar upplýsingar um stöðu nemenda miðað við jafnaldra sína á landsvísu. Niðurstöður eru nýttar til að skipuleggja kennslu, veita markvissan stuðning þar sem þörf er á og skapa auknar áskoranir fyrir þá nemendur sem þess þurfa.

Lesfimipróf eru lögð fyrir þrisvar sinnum á skólaárinu, að hausti, um miðjan vetur og að vori. Með þeim er fylgst með framvindu í lestri, bæði hvað varðar leshraða og lesnákvæmni. Niðurstöður nýtast kennurum við að fylgjast með framförum nemenda og grípa snemma inn í ef vísbendingar eru um lestrarerfiðleika.

Auk stöðu- og framvinduprófa inniheldur Matsferill ýmis skimunar- og greiningarverkfæri sem styðja við snemmtæka íhlutun og markvissa kennslu. Upplýsingar úr Matsferli eru mikilvægar við skipulag náms og kennslu, samstarf við foreldra og mat á árangri skólastarfsins.

Niðurstöður Matsferils eru einnig nýttar á skóla- og sveitarfélagsstigi til að greina þróun, styrkleika og áskoranir í námi nemenda. Þannig styður Matsferill við markvissa skólaþróun og stöðugar umbætur í skólastarfi Sandgerðisskóla.

## 4.19 Félagslíf nemenda

Nemendaráð er starfandi við skólann (sjá nánar kafla 3.5). Nemendaráðið heldur nemendaráðsfundi og skipuleggur félagsstarf og skemmtanir í samvinnu við Skýjaborg, félagsmiðstöð barna og unglunga í Sandgerði. Í Skýjaborg starfar sérstakt Skýjaborgarráð sem skipað er nemendum. Félagslíf nemenda grunnskólans er skipulagt af starfsmönnum Skýjaborgar, unglingaráði Skýjaborgar og nemendaráði Sandgerðisskóla í samstarfi við skólann.

## 5. Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga

Sandgerðisskóli er Uppbyggingarskóli. Frá árinu 2008 hefur verið unnið eftir hugmyndafræði Uppbyggingar. *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga (e. Restitution)* miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum. Hugmyndafræðin hefur áhrif á kennsluhætti, stjórnunarhætti, áherslur í lífsleiknikennslu og ekki síst á meðferð agamála. Hugmyndafræðin byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun þegar hann er laus undan skömm, hótunum, sektarkennd eða væntingum og loforðum um umbun og að hann fái tækifæri til að meta lífsgildi sín.

Stefna Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum, spurt er hvernig manneskjur viljum við vera, hver hlutverk okkar eru og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gert betur og snúið síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Í uppbyggingu sjálfsaga er lögð áhersla á jákvæð samskipti fremur en reglur, ábyrgð fremur en blinda hlýðni og sjálfsvirðingu fremur en umbun. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn hugsí áður en hann framkvæmir og bregðist rétt við aðstæðum. Kennari og nemendur ákveða í sameiningu hvaða lífsgildi þeir vilja hafa að leiðarljósi í bekknum með gerð bekkjarsáttmála. Þeir einbeita sér síðan að því að finna út hvernig hægt er að hafa grundvallaratriði gildanna í heiðri. Nemendur og starfsfólk koma sér saman um hlutverk beggja með verkefnavinnu sem kölluð er mitt og þitt hlutverk. Þegar kennari getur fækkað afskiptum af nemendum fá þeir aukið frelsi og verða viljugri til að hlusta og taka eftir þegar mikið liggur við í námi og samskiptum. Árlega er dagur jákvæðra samskipta en þá vinna allir nemendur skólans verkefni í anda uppbyggingarstefnunnar sem miða að því að styrkja nemendur sem einstaklinga og sem hóp.

### 5.1 Hvað er uppeldi til ábyrgðar?

- Leið til að ýta undir jákvæð samskipti.
- Miðar að því að kenna börnum og unglungum sjálfstjórn og sjálfsaga og læra af mistökum í samskiptum.

- Byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.
- Ýtir undir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum.
- Gefur innri styrk og aukið sjálfstraust.
- Eflir nemendur í sjálfstæðri hugsun og að þeir þroski með sér jákvætt gildismat.

## 5.2 Grunnþarfir

Grunnþarfirnar fimm eru undirstöðupáttur í uppbyggingu. Það að þekkja þarfir sínar er grundvöllur þess að maður skilji hegðun sína og geti breytt henni til betri vegar. Öll hegðun stafar af því að við erum að reyna að mæta einhverri af þörfunum. Þær eru missterkar hjá fólki, sem m.a. gerir það að verkum að við erum öll ólík.

				
<b>Tilheyra</b>	<b>Áhrif</b>	<b>Gleði</b>	<b>Frelsi</b>	<b>Öryggi</b>
Ást og umhyggja	Vera góður í	Leikur	Geta valið sjálfur	Matur
Góðvild	Finna mikilvægi sitt	Námssgleði	Sjálfstæði	Hvíld
Þykja vænt um	Fá viðurkenningu	Hlátur	Forvitni	Föt
Samvinna	Standa sig vel	Jákvæðni	Víðsýni	Skjól
Hjálpssemi	Ráða við	Skopskyn	Frumleiki	Heilsa

Uppruna stefnunnar má rekja til Kanada og hefur upphafsmaður aðferðarinnar Diane Gossen þróað hana yfir 20 ár. Aðferðin er þróuð út frá hugmyndum dr. William Glasser um gæðaskólann (Quality School) og sjálfstjórnarkenningu hans (Control Theory/Choice Theory).

## 5.3 Skjöldur – gegn einelti og andfélagslegri hegðun

Sandgerðisskóli leitast við að skapa jákvætt og uppbyggjandi umhverfi þar sem öllum líður vel. Eineltisáætlun skólans, Skjöldur miðar að því að fyrirbyggja einelti og andfélagslega hegðun og taka á slíkum málum þegar þau koma upp. Allt starfsfólk skólans tekur þátt í vinnunni og leggur sitt af mörkum í að byggja upp félagslega sterkt samfélag þar sem jákvæð samskipti fara fram.

Samskiptaáætlunin Skjöldur varð til í Sandgerðisskóla. Grunnurinn að þeirri áætluninni byggir að miklum hluta á þekkingu og reynslu sem fékkst af því að vinna eftir áætlun Olweusar gegn einelti og andfélagslegri hegðun frá árinu 2002 til ársins 2012 ásamt

hugmyndafræði uppbyggingar sem nýtt hefur verið markvisst í skólanum frá árinu 2008. Uppeldi til ábyrgðar (e. Restitution) miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn og þjálfar nemendur í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Vinnuaðferðunum er einnig ætlað að styðja starfsmenn skólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og agamál. Öðru fremur er um að ræða aðferðir við að kenna sjálfstjórn og sjálfsaga og styrkja einstaklinga í því að læra af mistökum sínum og byggja þannig upp umhyggjusamt samfélag. Þannig stefnum við að því að allir fái þörfum sínum uppfyllt án þess að gera á hlut annarra sem samferða eru í samfélaginu.

Áætlunin var unnin af starfsfólki skólans og tekur breytingum eftir því sem við á í síbreytilegu samfélagi. Skjöldur er áætlun um jákvæð samskipti og hvernig stuðla megi að þeim auk þess að taka á samskiptavanda og mögulegu einelti sem komið getur upp. Starfsfólki Sandgerðisskóla er ætlað að vinna eftir samskiptaáætlun skólans ef upp koma mál sem skilgreinast sem samskiptavandi eða einelti og/eða andfélagsleg hegðun. Öll málefni sem upp koma er varða samskiptavanda eða einelti eru sett í hendur samskiptateymis sem vinnur að úrlausn þeirra með kennurum og foreldrum.

Sandgerðisskóli leitast við að eiga gott samstarf við heimilin og sitt nánasta umhverfi þar sem skólinn einn og sér mun aldrei geta tekið á þeirri vanlíðan sem fylgir því að vera lagður í einelti og þarfnast samtakamáttar samfélagsins alls til að stuðla að jákvæðum samskiptum á öllum sviðum þess.

## 6. Skólareglur og ástundun

### 6.1 Skólareglur


Í reglugerð um skólareglur í grunnskólum segir; „Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

*Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð skólareglna og kynningu þeirra og skulu þær unnar í samráði við skólaráð og fulltrúa nemenda í skólaráði.“*

Skólareglur Sandgerðisskóla hafa verið settar upp til samræmis við lög um grunnskóla og hugmyndafræði *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga.*

## 6.1.1 Skólareglur og þolmörk Sandgerðisskóla

<b>Almenn umgengni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Við göngum vel um og berum virðingu fyrir skólanum, eigum okkar og annarra</li> <li>• Við erum ábyrg gjörða okkar</li> </ul>
<b>Samskipti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Við komum fram af virðingu og sýnum trúðmennsku og háttvísi innan skólans sem utan</li> <li>• Við vinnum gegn einelti</li> <li>• Við sýnum ábyrga hegðun</li> </ul>
<b>Stundvísi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Við temjum okkur stundvísi</li> <li>• Við virðum tíma hvers annars</li> </ul>
<b>Ástundun náms</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Við sýnum vilja til að ná námsmarkmiðum</li> <li>• Við leggjum okkur fram um að hver og einn fái tækifæri til að vaxa og dafna</li> </ul>
<b>Heilbrigðar og hollar lífsvenjur</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Við temjum okkur holla lífshætti</li> <li>• Við erum hrein, snyrtileg og klædd eftir aðstæðum</li> </ul>



## 6.2 Verkferlar og agastjórnun

Sandgerðisskóli vinnur eftir agastefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Í henni felst að nemandi læri sjálfstjórn og að læra af mistökum. Lífsleiknitímar fara í að kenna nemendum að læra inná sjálfan sig, kynna vel reglur og þölmörk, ásamt því að fara reglulega yfir bekkjarsáttmálann og mitt og þitt hlutverk.

### 6.2.1 Inngríp í kennslustofu

## Inngrip í kennslustofu Uppeldi til ábyrgðar



1

### 30 sekúndna inngrip

- Er í lagi að gera það sem þú ert að gera núna?
- Hvert er þitt hlutverk núna? (Benda á mitt og þitt hlutverk.)
- Hvenær ertu reiðubúinn að byrja?
- Hvað get ég gert til að hjálpa þér að...?
- Hvaða þörf ertu að reyna sinna?
- Hver er reglan? Getur þú gert það? -Það lítur út fyrir að þú eigir í vandræðum. Hvernig get ég hjálpað þér að leysa úr því?
- Er það sem þú ert að gera núna gott eða slæmt fyrir kennslustundina?
- Getur þú fundið betri leið?

*Ganga í burtu, veita góðri hegðun athygli hjá nemendum, ganga aftur að nemanda og hvetja ef hann er byrjaður að vinna, minna hann aftur á ef hann er ekki að vinna (2-5x)*

2

### Sófinn-30 sekúndna inngrip ekki að ganga

- Nemandi þarf að komast í rólegra umhverfi
- Kennari/starfsmaður klárar innleiðingu eða að aðstoða nemendur og lætur svo vita að hann þurfi að taka spjallið við nemanda í sófa. Hann treysti nemendum á meðan að halda verkefnavinnu áfram (Nemendur fá ábyrgð, sem styrkir jákvæða hegðun).
- Kennari/ starfsmaður ræðir við nemanda í sófann, spyr nánar út í vanda. Gefur þagnir og passar að nemandi sé ekki á spítunni eða að svara án íhugunnar. Ef nemandi er á þeim stað, notum við: ég sé að þú ert ekki tilbúin/n að finna leiðir með mér, ég kíkí aftur á þig á eftir.
- Ef nemandi er ekki að gefa frá sér óhljóð eða beita ógnandi hegðun, er kíkt á hann reglulega þangað til hann er tilbúin/n að finna leiðir að bættri hegðun. Vera með val eins og t.d. myndi henta þér betur að fá námsefni hingað? Viltu prófa að sitja á borðinu við kennaraborðið eða vegginn? Viltu ganga einn hring og koma svo aftur? Getur þú sótt fyrir mig blað til Ingu? (aftur nemanda gefið ábyrgð sem styrkir sjálfsmat og kemur í veg fyrir niðurrif)

3

### Reglufesta - þölmörk

- Nemandi truflar kennslu, þó svo honum hafi verið vísað fram í samtal.
- Kennari reynir að stilla til friðar eða sækir aðstoð hjá öðru starfsfólki ef hegðun er óásættanleg eða ógnandi.
- Foreldrar látnir vita af hegðu heima. Rætt um uppbyggingaráætlun og leiðir. Það má gera mistök - það þarf að læra af þeim.
- Fara vel yfir skólareglur og þölmörk.
- Nemandi vinnur uppbyggingaráætlun daginn eftir með kennara/námsráðgjafa/skólastjórnanda

*Athuga: Við viljum ekki að barn upplifi sig útilokað, eitt eða í skömm. Við viljum byggja þau upp, kenna þeim og finna leiðir til að síendurtekin hegðun eigi sér ekki stað. Það tekst einungis með uppbyggingu ekki niðurrifi eða síendurteknunum sýsum.*

6.2.2 Samtal byggt á uppbyggingarstefnunni við heimili

## Símtal heim til foreldra/forráðamanna



### ÖRYGGI

BROT Á REGLUM SKÓLANS TIL AÐ TRYGGJA ÖRYGGI  
-BYRJA Á AÐ UPPLÝSA UM ATVIK OG HVAÐA REGLUR  
VORU BROTNAR



### UMHYGGJA

VIÐ VILJUM ÞAÐ BESTA FYRIR NEMANDANN, HANN SKIPTIR  
OKKUR MÁLI. TÖLUM UM „EKKI GÓÐA HEGÐUN“ Í STAÐ  
ÞESS AÐ TALA UM „EKKI GÓÐAN NEMANDA“



### REGLUFESTA/STJÓRNUN

VIÐ ÞURFUM AÐ KOMA Í VEG FYRIR AÐ BROT Á REGLUM  
VERÐI SÍENDURTEKIÐ. HVERNIG VERÐUR TEKID Á ÞESSU  
HEIMA? EÐA KLÁRUÐUM VIÐ MÁLIÐ Í SKÓLA?



### VAL

HJÁLPUMST AÐ VIÐ AÐ FINNA LEIÐIR.

- VILL NEMANDI HITTA KENNARA Í FYRRAMÁLIÐ OG FARA  
YFIR ATVIK EÐA TALA NÚNA VIÐ KENNARA MEÐ FORELDRI Í  
SÍMANUM?
- SÉR NEMANDINN LAUSN Á VANDANUM? EÐA FORELDRIÐ?  
ER LÆRDÓMUR AF MISTÖKUM?



### GLEÐI/HAMINGJA

ÞAÐ ER ÁSTÆÐA FYRIR ALLRI HEGÐUN  
GLAÐUR NEMANDI SÝNIR SÍÐUR NEIKVÆÐA HEGÐUN.  
MINNA FORELDRI Á AÐ BYGGJA BARNIÐ UPP EKKI FARA  
Í NIÐURRIF.

6.2.3 Fundur með foreldrum/forráðamönnum með nemenda

Ef foreldrar eru kallaðir til fundar með kennara og/eða stjórnendum er farið eftir uppbyggingaráætlun sem byggir á sáttarleiðinni, þörfunum, sjálfsaga og lærdómi. Nemendur á að finna fyrir öryggi við borðið, finna að hann hefur tækifæri til að leiðrétta og læra af mistökum sínum. Fundargerð er rituð á blað og undirrituð af öllum sem sitja fundinn.

### 6.3 Símar og önnur tæki

Nemendum í 8. – 10. bekk er heimilt að koma með snjalltæki sín í skólann með leyfi forráðamanna sinna og með samningi þess efnis. Nemendur skulu sýna ábyrga hegðun og þeir þurfa að fá leyfi starfsmanna fyrir notkun tækisins á kennslutíma og á skipulögðum viðburðum, áður en tæki er tekið upp. Leyfi þarf að fá fyrir hverskonar myndatökum í og við skólahúsnæði þ.m.t. á bókasafni og Skólaseli, leyfi þarf að fá hjá starfsmanni og þeim sem mynd er tekin af. Snjalltæki og önnur rafeindatæki sem nemendur verða uppvisir af að því að nota án leyfis og/eða misnota í skólahúsnæði verða sett í geymslu hjá skólaritara og óskað verður eftir að nemandi/foreldrar nálgist þau þar að skóladegi loknum. Öll tæki sem nemendur koma með að heiman eru á ábyrgð nemanda og forráðamanna hans.

## SÍMAREGLUR

### 8. - 10. BEKKUR

**VÖXTUR**

Við erum að vaxa og dafna og tíminn hefur kennt okkur að þátttaka nemenda í námi, athygli og námsárangur getur aukist ef við nýtum tíma okkur betur. Að „doomskrolla“ eða „hanga“ í símanum er ekki að hjálpa okkur að vaxa.

**VIRÐING**

Við sýnum öllum virðingu. Myndataka og myndbandsupptökur eru ekki leyfilegar nema með leyfi og samþykki allra. Við veitum öðrum fulla athygli og erum ekki með heyrnartól í eyrum þegar talað er við okkur. Símar eiga ekki að vera sýnilegir í kennslustund.

**VILJI**

Við viljum ekki að síminn stjórni okkur og að allur okkar tími fari í að „hanga í honum“. Við viljum læra, vinna saman og eiga samskipti í raunheimi.

**VINÁTTA**

Líftu upp!  
Nýtum frítíma okkar í skólanum til að tala saman, hlusta, hlæja, leika, spila og eiga jákvæð samskipti.

**SAMANTEKT**

- Sími er einungis leyfilegur í fríminútum
- Þegar gengið er í kennslustofu er sími settur í tiltekið box eða er ofan í tösku.
- Sími er ekki leyfilegur á göngum skólans, salerni eða í öðrum rýmum á meðan kennslustund stendur yfir.

## 6.4 Skólasókn

Ástundun nemenda er skráð í skráningakerfi skólans á Mentor.is.

### 6.4.1 Veikindi

Ef nemandi er veikur skal láta skólann vita strax að morgni (fyrir 8:30) eða skrá veikindi í Mentor. Ef nemandi er veikur í fleiri en einn dag skal tilkynna viðkomandi veikan á hverjum degi. Heimilt er að leyfa nemanda að vera inni í frímínútum eftir löng veikindi.

### 6.4.2 Leyfi

Ef nemandi þarf að fá leyfi frá skóla skal þarf að tilkynna það skólaritara. Ef leyfið varir sem nemur tveimur skóladögum eða fleirum þarf að fylla út beiðni þess efnis á heimasíðu skólans, undir „Beiðni um leyfi nemanda“. Foreldrar bera ábyrgð á því að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á leyfinu stendur.

### 6.4.3 Ábyrg skólasókn og skólaforðunarteymi

Samkvæmt 3. og 19. gr. grunnskólalaga er skólaskylda á Íslandi. Foreldrar bera ábyrgð á námsástundun og skólasókn barna sinna. Í grunnskólum sveitafélaganna er sett fram verklag um skólasókn til að styðja við farsæla skólagöngu. Stuðst er við þrepin hér að neðan til að styrkja nemandann og umhverfi hans til að koma í veg fyrir frekari vanda.

# Mæting er mikilvæg!

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN

1

## 5-9 dagar

Samtal við nemanda og símtal við forsjáraðila. Markmiðið er að finna ástæðu fjarvista og hvort þær eigi sér eðlilegar skýringar eða grunur sé um skólaforðunavanda.

2

## 10-15 dagar

Boðað til fundar í skóla og teymi sé myndað í kringum nemanda. Tengiliður farsældar virkjaður.

3

## 16-29 dagar

Máli vísað í nemendarverndarráð og frekari vinnsla fer fram í samvinnu með Farsældar- og skólaforðunarteymi.

4

## 30+ dagar

Sé málið komið á þennan stað er tilkynning send til barnaverndar. Teymið heldur áfram að vinna með nemandanum og forsjáraðilum.

Í grunnskólum sveitafélaganna er sett fram verklag um skólasókn til að styðja við farsæla skólagöngu. Stuðst er við þrepin hér að ofan til að styrkja nemandann og umhverfi hans til að koma í veg fyrir frekari vanda.



Sveitarfélagið Vogar



SUDURNESJABÆR

Farsældar- og skólaforðunarteymi  
Sudurnesjabaer  
[www.sudurnesjabaer.is](http://www.sudurnesjabaer.is)

## 7. Heimili og skóli

Í Sandgerðisskóla er lögð rík áhersla á gott og traust samstarf heimila og skóla. Velferð, farsæld og námsárangur nemenda byggjast að miklu leyti á virkri samvinnu þessara aðila. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í námi barna sinna með því að sýna skólastarfinu áhuga, hvetja börn sín til náms og styðja við þau eftir þörfum.

Mikilvægt er að samskipti heimila og skóla einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti og opnum upplýsingamiðlun. Með reglulegu samstarfi skapast betri forsendur til að mæta þörfum nemenda, efla líðan þeirra og stuðla að jákvæðri þátttöku í skólasamfélaginu.

Sandgerðisskóli leggur áherslu á að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólagöngu barna sinna og að heimili og skóli vinni saman að því sameiginlega markmiði að styðja við nám, þroska og vellíðan allra nemenda.

## 7.1 Boðskipti heimila og skóla

Greið og örugg boðskipti milli heimila og skóla er einn af grundvallarþáttum skólstarfs. Skólinn þarf að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi sína og framvindu nemenda og afla upplýsinga hjá foreldrum um aðstæður þeirra til að geta mætt þörfum þeirra sem best. Það er því mikilvægt að á milli þessara aðila séu greiðar boðleiðir. Boðskiptaleiðir eru af ýmsum toga; munnlega og skriflega. Foreldrafundir, heimasíða skólans, tölvupóstur, bréf, bæklingar og samskiptabækur eru dæmi um samskiptaleiðir heimila og skóla. Mikilvægt er að foreldrar láti vita ef breytingar verða á högum barnsins svo skólinn geti komið til móts við þarfir nemandans.

## 7.2 Mentor

Sandgerðisskóli notar [mentor.is](https://mentor.is) til að halda utan um upplýsingar og námsframvindu nemenda og leggur ríka áherslu á að foreldrar nýti sér það einnig til upplýsinga um stöðu barns síns í námi og líðan þess.

[Mentor.is](https://mentor.is) er heildstætt upplýsingakerfi með vefviðmóti sem eykur upplýsingaflæði innan skólans og til foreldra. Megintilgangur kerfisins er að auðvelda vinnu kennara og skólastjórnenda með því að bjóða skólum verkfæri sem auðveldar þeim dagleg störf, s.s. við skráningu í hópa og stundatöflur, skráningu á ástundun, einkunnavinnslu og skipulagningu á einstaklingsmiðuðu námi. Ekki er síður mikilvægt að auka möguleika foreldra á að fylgjast með skólagöngu barna sinna og þátttöku þeirra í skólstarfinu. Allir foreldrar/forráðamenn og nemendur fá lykilorð sem veitir aðgang að upplýsingakerfinu. Hafi lykilorð glatast eða það ekki borist er hægt að hafa samband við ritara skólans.

## 8. Hressing og hádegismatur

Sandgerðisskóli er heilsueflandi skóli og mælist til þess að allir nemendur komi með hollt og næringarríkt nesti í skólann. Á morgnana frá 07:45 – 08:15 og frá 08:45 - 09:00 er boðið upp á heitan hafragraut. Jafnframt fá allir nemendur heitan mat í hádeginu sér að kostnaðarlausu, gegn því að skrá sig hjá skólamat (sjá [www.skolamat.is](https://www.skolamat.is)). Holl næring er öllum nauðsynleg ekki síst börnum sem eru að vaxa og þroskast.

## 8.1 Skólamatur

Suðurnesjabær og Skólamatur, hafa gert samning um skólamat fyrir nemendur og starfsmenn í Sandgerðisskóla. Afgreiddur er heitur matur alla skóladaga í sal skólans. Foreldrar/forráðamenn þurfa að skrá nemendur í áskrift á [www.skolamatur.is](http://www.skolamatur.is) og fá nemendur úthlutað númeri sem nota þarf til að stimpla sig inn í mat daglega.

Segja þarf upp áskrift fyrir 25. hvers mánaðar ef ekki er óskað eftir áskrift á mat fyrir nemanda næsta mánuð á eftir. Maturinn er nemendum gjaldfrjálts.

Matseðlar má sjá á heimasíðu skólans, facebooksíðu skólans og á heimasíðu Skólamatar. Skólamatseðill er unninn eftir markmiðum Manneldisráðs og yfirfarinn af matvæla- og næringarfræðingi.

## 8.2 Hressing og drykkjarsala

Fyrir þá sem taka með sér nesti hentar vel að fá sér ávöxt og eitthvað að drekka, t.d. vatn í nestistíma á morgnana. Hinir sem hafa borðað minna þurfa að hafa meira með sér í skólann, t.d. samloku með góðu áleggi til viðbótar við ávöxtinn. Mikilvægt er að útbúa nesti þannig að nemendur geti matast án mikillar fyrirhafnar t.d. að ávextir séu skornir. Skólamatur býður upp á ávaxta- og grænmetisáskrift í nestistíma, nánari upplýsingar um áskrift er á [www.skolamatur.is](http://www.skolamatur.is).

Nemendur í 1. – 7. bekk fá að jafnaði 10 – 15 mínútur af annarri kennslustund dagsins til að borða nestið sitt, eldri nemendur nýta frímínúturnar til að nærast.

## 8.3 Hádegishressing / hádegismatur

Stundaskrá Sandgerðisskóla gerir ráð fyrir tveimur hádegishléum. Það fyrra er kl 11:25 og miðast við stundaskrá nemenda 1. – 5. bekkjar en það síðara hefst kl 12:05, fyrir 6. - 10. bekk.

Hádegishlé stendur í 30 mínútur og á þeim tíma gefst nemendum kostur á að borða hádegismat sinn í matsal skólans og fara síðan í frímínútur.

Nestisaðstaða er fyrir nemendur sem kjósa að koma með nesti að heiman. Aðstaðan er í matsal og þar eru örbylgjuofnar, samlokugrill og aðgengi að soðnu vatni. Ætlast er til að nemendur í 1. – 7. bekk séu í skólanum í hádegishléi nema með sérstöku samkomulagi milli foreldra/forráðamanna og skólastjórnenda.

## 9. Heilsueflandi grunnskóli og forvarnir

Sandgerðisskóli er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi grunnskóli*. Eitt helsta markmið heilsueflandi grunnskóla er að vinna markvisst að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda, starfsfólks og samfélagsins. Í heilsueflandi grunnskóla er sérstök áhersla lögð á eftirfarandi átta þætti skólastarfsins: Nemendur, mataræði/tannheilsa, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfingu, lífsstíl og starfsfólk.

Sandgerðisskóli leggur áherslu á hreyfingu á hverjum degi. Utan hefðbundinnar íþrótt- og sundkennslu eru kennarar þjálfaðir í *Hugarfrelsi* og ætlast er til að í hefðbundinni kennslu sé áhersla á fjölbreytilega námsaðstöðu. Sandgerðisskóli leggur áherslu á jákvæða leiðtogahæfni, sjálfsábyrgð og geðrækt. Bekkjarfundir, einstaklingsviðtöl, nemendaráðgjöf, stoðþjónusta og námsráðgjöf stuðla að því. Heilbrigðar lífsvenjur eins og matarræði, tannheilsa, hreyfing og forvarnir gegn vímuefnum eru hluti af námsskrá allra bekkja. Nemendur taka þátt í allskonar verkefnum tengdum lýðheilsu og hreyfingu. Má þar nefna *Lífshlaupið*, *göngum í skólann*, *geðheilbrigðisdagurinn*, *Tannheilsudagurinn*, *Ólympíuhlaupinu* og keppir Sandgerðisskóli ár hvert í *Skólahreysti*. Forvarnardagurinn er haldinn ár hvert í skólanum þar sem lögreglan, íþótta- og tómskundafulltrúi og aðrir utanaðkomandi fyrirlesarar mæta. Þá er skólinn með virkar brunavarnaræfingar og umferðarfræðslu sem unnið er í samstarfi við lögreglu og slökkvilið. Árlega kemur brúðuleiksýningin „krakkarnir í hverfinu“ frá *Blátt áfram* í 2. bekk. *Blátt Áfram* eru sjálfstæð félagasamtök og er tilgangur samtakanna að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi.

## 10. UNESCO skóli

Sandgerðisskóli er UNESCO-skóli og hluti af alþjóðlegu neti UNESCO Associated Schools (ASPnet), sem tengir saman skóla um allan heim sem vinna að friði, sjálfbærni, mannréttindum, lýðræði og alþjóðlegum skilningi. Markmið UNESCO-skóla er að efla þekkingu, færni og viðhorf sem gera nemendum kleift að taka virkan þátt í samfélagi sínu og takast á við áskoranir samtímans og framtíðarinnar.

Í skólastarfi Sandgerðisskóla er lögð áhersla á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sjálfbærni, lýðræðislega þátttöku, mannréttindi, jafnrétti og virðingu fyrir fjölbreytileika. Þessir þættir eru samþættir námi og daglegu starfi skólans og endurspeglast í verkefnum, viðburðum og samskiptum innan skólasamfélagsins.

Nemendur taka virkan þátt í að móta skólasamfélagið meðal annars í gegnum bekkjarfundi, nemendaráð og fjölbreytt lýðræðisverkefni. Skólinn leggur áherslu á að efla ábyrgð, gagnrýna hugsun, samvinnu og virka borgaravitund. Þá er unnið markvisst að því að skapa umhverfi þar sem allir upplifa öryggi, virðingu og tækifæri til þátttöku. Sandgerðisskóli starfar í nánú samstarfi við Reykjanes UNESCO jarðvang, UNESCO-skóla á Íslandi og aðra samstarfsaðila innanlands og erlendis. Nemendur fá þannig tækifæri til að kynna eigin nærumhverfi, náttúru og menningu á sama tíma og þeir þróa skilning á alþjóðlegum málefnum og þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera þátttakendur í hnattrænu samfélagi.

## 11. Skólahjúkrun og heilbrigði

Nemendur njóta þjónustu skólaheilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Deildarstjóri skólaheilsugæslu HSS er tengiliður við skólann.

Markmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að nemendur fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Heilsugæsla barna er framhald af ungbarnavernd. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Undir skólahjúkrun falla reglulegar sjónprófanir, hæðar- og þyngdarmælingar, athugun á litaskyni, bólusetningar og annað eftirlit með almennu heilbrigði nemenda skv. tillögum landlæknis. Skólaheilsugæslan sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu, hvetur nemendur til heilbrigðra lífshátta og ábyrgðar á eigin heilbrigði. Hjúkrunarfræðingur býður einnig upp á viðtalstíma fyrir nemendur. Auk þessa taka skólahjúkrunarfræðingar þátt í kynfræðslu, áfallavinnu og öðrum verkefnum er snúa að heilsu nemenda, þá er þátttaka þeirra og leiðbeiningar mikilvægar þegar höfuðlúsin skýtur upp kollinum. En lúsin og viðbrögð við henni er á ábyrgð foreldra og hvetjum við þá til að kemma hár barnanna reglulega, t.d. vikulega.

Forráðamenn þurfa að tilkynna skólahjúkrunarfræðingi flutning milli sveitarfélaga og gefa upplýsingar um ónæmisaðgerðir, sjúkdóma og lyfjagjafir nemenda.

### 11.1 Viðvera skólahjúkrunarfræðings

Skólahjúkrunarfræðingur hefur að jafnaði viðveru í skólanum tvo daga í viku frá 10:00 -14:00 auk heimsóknna vegna kynninga og/eða fræðslu. Þá situr hjúkrunarfræðingur í Nemendaverndarráði grunnskólans.

## 11.2 Bólusetningar og eftirlit

### 1.bekkur:

Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling ásamt fræðslu og viðtali um lífsstíl og líðan.

Bólusetning: Ef börn eru ekki fullbólusett skv. tilmælum Landlæknis.

### 4.bekkur:

Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling ásamt fræðslu og viðtali um lífsstíl og líðan.

### 7.bekkur:

Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling ásamt fræðslu og viðtali um lífsstíl og líðan.

Bólusetningar: Mislingar, hettusótt og rauðir hundar (ein sprauta) og HPV gegn leghálskrabbameini hjá stúlkum (2 sprautur á 6 mánuðum).

### 9.bekkur:

Sjónpróf, hæðar- og þyngdarmæling ásamt fræðslu og viðtali um lífsstíl og líðan.

Bólusetning: Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti (ein sprauta).

## 11.3 Lyfjagjafir

Þurfi börn að taka lyf á skólatíma er foreldrum bent á að hafa samband við deildastjóra stoðþjónustu og kynna sér tilmæli Landlæknis um lyfjagjafir í skólum.

## 11.4 Slys og veikindi

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingar viti af börnum sem eru með langvinnan og/eða lífshættulegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólahjúkrunarfræðingi.

## 11.5 Lús

Mikilvægt er að foreldrar kembi og/eða leiti að lús í hári barna sinna reglulega t.d. vikulega. Ef lús finnst í hári er mikilvægt að foreldrar láti vita í skólann svo hægt sé að senda út tilkynningu um það heim til annarra foreldra.

[www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) (ýmsar upplýsingar)

<http://farvellus.dk/> (myndband)

## Frekari upplýsingar:

[landlaeknir.is](http://landlaeknir.is)

[heilsuvera.is](http://heilsuvera.is)

[heilsugaeslan.is](http://heilsugaeslan.is)

[hss.is](http://hss.is)

## 11.6 Tilkynningar um heilsufar nemenda

Foreldrar og forráðamenn þurfa að átta sig á mikilvægi þess að tilkynna skólayfirvöldum og skólahjúkrunarfræðingi um heilsufar barna sinna sem haft getur áhrif á skólagöngu þeirra. Þetta á t.d. við um bráðaofnæmi, mataróþol, sykursýki og flogaveiki.

## 11. Skólabókasafn

Í grunnskólanum er skólabókasafn. Á safninu eru bækur, spil og ýmis kennslugögn til útláns. Almenningsbókasafn Suðurnesjabæjar og skólabókasafnið er í sama rými og er því almennur opnunartími frá 10:00 – 17:30 mánu- til fimmtudaga en frá 10:00- 12:00 á föstudögum, en skólabókasafnið er opið nemendum og starfsfólki frá 8:15.

Nemendur og forráðamenn eru ábyrgir fyrir þeim bókum sem teknar eru að láni. Forráðamönnum ber að bæta glataðar eða skemmdar bækur.

## 12. Þróunarverkefni og áherslur í skólastarfinu

Í Sandgerðisskóla er lögð áhersla á markvisst þróunar- og umbótastarf sem byggir á sjálfsmati, faglegri ígrundun og greiningu á þörfum skólasamfélagsins. Markmið þróunarstarfsins er að efla nám og kennslu, stuðla að vellíðan nemenda og starfsfólks og styrkja skólann sem lærdómssamfélag.

Þróunar- og umbótastarf er samfið daglegu skólastarfi Sandgerðisskóla. Unnið er markvisst að innleiðingu og þróun verkefna sem styðja við stefnu skólans, gæði náms og kennslu og farsæld nemenda. Meðal þeirra verkefna sem hafa mótað skólastarfið á undanförunum árum eru Leiðsagnarnám, læsisþróun og byrjendalæsi, Lýðræði er leikur einn, KVAN, Hugarfrelsi og núvitund, Uppeldi til ábyrgðar, Heilsueflandi

grunnskóli, UNESCO-skólar og ýmis þróunarverkefni sem hafa hlotið styrki úr Sprotasjóði.

Í skólanum fer fram reglubundið sjálfsmat í samræmi við lög og reglugerðir. Niðurstöður sjálfsmats eru nýttar til að greina styrkleika skólastarfsins, forgangsraða umbótaverkefnum og styðja við áframhaldandi þróun skólans.

Í Sandgerðisskóla er unnið með þróunarverkefni í læsi (Byrjendalæsi), Leiðsagnarnám, einelti og samskipti (Kvan), Hugarfrelsi og núvitund (Hugarfrelsi), Uppeldi til ábyrgðar, Heilsueflandi skóli, og Unesco skóli.

## 12.1 Læsisstefna

Í Sandgerðisskóla er lögð áhersla á jákvætt lestrarumhverfi þar sem nemendur eru hvattir til lestrar og að rýna í og vinna með texta á fjölbreyttan hátt. Bækur, tímarit, textar og annað lesefni á að vera aðgengilegt öllum stundum og nemendur eiga að hafa aðgang að lesefni sem vekur áhuga þeirra. Gert er ráð fyrir daglegum yndislestri þar sem nemendur og starfsfólk lesa efni að þeirra áhugasviði og starfsfólk eru þar lestrarfyrirmyndir.

Í skólanum er starfandi Læsissteymi sem heldur utan um læsisstefnuna. Að auki skipuleggur það lestrarátök skólans, kemur að útgáfu kvittunarbóka fyrir heimalestur ásamt fleiri verkefnum. Læsisstefna Sandgerðisskóla byggist á grunnþáttum Aðalnámsskrá grunnskóla þar sem lögð er áhersla á læsi sem lykil að öllu námi. Læsisstefna skólans vinnur að markmiðum *Lesferils* sem er matstæki unnið af Menntamálastofnun og vinna yngri bekkir með *Byrjendalæsi*.

Skólinn leggur mikla áherslu á gott samstarf á milli heimilla og skóla. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við umsjónarkennara eða einhvern úr læsissteyminu ef þeir hafa áhyggjur að lestrarnámi barna sinna. Einnig má hafa samband ef foreldrar vilja frekari útskýringar, leiðbeiningar, auka námsefni eða ráðgjöf varðandi lestrarnámið.

Sjá nánar um læsisstefnu skólans hér:

<https://www.sandgerdisskoli.is/static/files/skjalasafn/Lestrarteymi/laesisstefna-vor-21.pdf>

## 12.2. Leiðsagnarnám

Í Sandgerðisskóla er unnið markvisst samkvæmt hugmyndafræði leiðsagnarnáms. Leiðsagnarnám byggir á því að nemendur þekki námsmarkmið sín, skilji til hvers er

ætlast af þeim og fáí reglulega endurgjöf sem styður þá í að taka næstu skref í námi sínu.

Áhersla er lögð á skýr markmið og árangursviðmið, virka þátttöku nemenda í náminu, samræður um nám og markvissa endurgjöf. Nemendur fá tækifæri til sjálfsmats og jafningjamats og eru hvattir til að bera ábyrgð á eigin námi og framvindu.

Með leiðsagnarnámi er leitast við að efla námsárangur, sjálfstraust og námsvitund nemenda. Nálgunin stuðlar jafnframt að jákvæðri námsmenningu þar sem mistök eru talin eðlilegur hluti af námsferlinu og tækifæri til að læra og vaxa.

## 12.3 Kvan- Verkfærakistan

Í Sandgerðisskóla er unnið með Verkfærakistu KVAN sem styður við jákvæð samskipti, félagsfærni og öfluga bekkjarstjórnun. Verkfærakistan veitir kennurum og öðru starfsfólki hagnýtar aðferðir til að efla samheldni nemendahópa, styrkja jákvæðan bekkjaranda og fyrirbyggja einelti, samskiptavanda og aðra neikvæða hegðun.

Áhersla er lögð á að efla traust, virðingu, vináttu og samvinnu meðal nemenda með fjölbreyttum hópeflisverkefnum, samvinnuleikjum og markvissri félagsfærniþjálfun. Jafnframt eru nýttar aðferðir til að styðja nemendur sem eiga í félagslegum eða samskiptalegum áskorunum.

## 12.4 Sjálfsmat

Sandgerðisskóli viðhefur víðtækt sjálfsmat og hefur gert skorkort sem ætlað er til að nota sem eitt af sjálfsmatstækjum skólans. Í því er fylgst með framvindu ákveðinna málaflokka og markmiða og leiða þeim tengdum (sjá starfsáætlun).

*Önnur sjálfsmatstæki sem Sandgerðisskóli notast við eru:*

- ✓ viðhorfskannanir meðal foreldra og nemenda að vori.
- ✓ Skólapúlsinn.
- ✓ tengslakannanir
- ✓ viðhorfskannanir starfsmanna.
- ✓ starfsmannaviðtöl.
- ✓ aðrar kannanir sem skólinn tekur þátt í.

## 12.5 Símenntun starfsfólks

Endurmenntunaráætlun er virk innan Sandgerðisskóla og miðar hún að því að efla faglega þekkingu alls starfsfólks með tilliti til stefnu skólans. Hún leggur áherslu á að allir starfsmenn fái tækifæri til að eflast í starfi og styrkja fagvitund sína. Símenntun fer fram á fundum starfsfólks sem og á sérstökum námskeiðum sem haldin eru á skipulagsdögum ýmist fyrir alla starfsmenn eða minni hópa innan starfsmannahópsins.

## 13. Stoðkerfi

### 13.1 Skólaþjónusta Suðurnesjabæjar

Suðurnesjabær sinnir sérfræðiþjónustu skv. 40. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga frá 25. júní 2010. Í því felst sálfræðiráðgjöf, talmeinaþjónusta, sérkennsluráðgjöf og almenn kennsluráðgjöf.

### 13.2 Skólasálfræðingur

Viðvera skólasálfræðings er að jafnaði einn dagur í viku yfir skólaárið. Sálfræðingi Mennta- og tólmstundasviðs er ætlað að tryggja að sálfræðileg þekking nýtist í skólastarfi. Hann sér um greiningu þroska- og atferlisfrávika og ráðgjöf við skóla og foreldra vegna frávika í þroska eða hegðunarerfiðleika barna í leik- og grunnskólum. Hann sér um sálfræðigreiningar og ráðgjöf vegna barnaverndarmála og veitir fjölskyldu og félagsþjónustu aðstoð vegna slíkra mála sé eftir því óskað.

### 13.3 Talmeinafræðingur

Talmeinafræðingur er hluti af skólaþjónustu Suðurnesjabæjar. Hægt er að vísa nemendum sem þess þurfa til meðferðar og/eða greiningar hjá honum í samvinnu við foreldra.

### 13.4 Kennsluráðgjöf

Kennsluráðgjöf er hluti af skólaþjónustu Suðurnesjabæjar og veitir faglegan stuðning. Markmið kennsluráðgjafar er að efla gæði náms og kennslu, styðja við fjölbreyttar þarfir nemenda og stuðla að farsælu skólastarfi. Kennsluráðgjafi veitir skólastjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki ráðgjöf og handleiðslu vegna kennsluhátta, námsaðlögunar og stuðningsúrræða. Einnig kemur kennsluráðgjafi að málefnum

# Skólanámskrá Sandgerðisskóla 2025-2027

nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku, eftir því sem við á.

## 13.5 Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi er starfandi, í hlutastarfi við skólann. Hlutverk hans er að standa vörð um velferð allra nemenda, styðja þá og liðsinna í málum sem varða námið, líðan þeirra í skólanum og fleira. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður og málsvari nemenda.

## 14. Skóladagatal 2026 – 2027

Samband Íslenskra sveitarfélaga

**Skóladagatal 2026 - 2027**

Nafn skóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 F	10 F
11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ
16 S	16 M	16 F	16 S	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M
17 M	17 F	17 L	17 F	17 M	17 S	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F
19 M	19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 Þ	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F
25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L
27 F	27 S	27 Þ	27 S	27 F	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S		31 M		31 M	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðun af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

## 15. Stjórnendur

- Bylgja Baldursdóttir, skólastjóri
- Valdís Hildur Fransdóttir, aðstoðarskólustjóri
- Fríða Stefánsdóttir, deildarstjóri
- Margrét Bjarnadóttir, deildarstjóri stoðþjónustu

## 16. Starfsfólk

Sjá heimasíðu skólans. <https://www.sandgerdisskoli.is/is/starfsfolk>

## 17. Trúnaðarmenn

### 18.1 Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður

- Öryggistrúnaðarmaður er Örn Ævar Hjartarson
- Öryggisvörður er Hannes Jón Jónsson

### 18.2 Trúnaðarmaður starfsmanna í K.Í

- Aðalmaður: Þórunn Magnúsdóttir
- Varamaður: Einar Sveinn Guðmundsson

### 18.3 Trúnaðarmaður starfsmanna í S.T.F.S

- Aðalmaður: Sigríður Hanna Sigurðardóttir
- Varamaður: Ólína Þuríður Lárusdóttir

## 19. Opnunartími á skrifstofu

Opnunartími skrifstofunnar er frá kl 07:45 til kl. 15:30 mánu- fimmtudaga og til 14:00 á föstudögum Skrifstofustjóri skólans er Inga Snæfells Reimarsdóttir